

| tíska | heilsa | hönnun | jól | pistlar | matur | tíðarandinn | stjörnuspa |

birta

grefur stríðsöxina

MATUR » Barónessur
– þess virði að prófa

TÍSKA
» Gull & glæsileiki

JÓN GNARR

» Indjáninn sem
varð sjóræningi

SJÓNVARPSDAGSKRÁIN
15.-21. desember

Skór 2.990-



Peysa 3.190-
Einnig til í brúnu

Nærbuxur 2.190-
Þrjár í pakka



Skór 7.990-



Sokkar 1.690-



Buxur 6.790-

Fyrir þig og þá sem
þér þykir vænt um...



Skór 9.190-



Skyrta og bindi 5.690-

Jakki 7.190-
Einnig til í ljósu

NEXT

KRINGLUNNI · 551 3200

Gjöf til framtíðar

Leggðu góðan grunn að framtíð barnsins með Framtíðarbók KB banka.

Með 5.000 kr. gjafabréfi fær nýr Framtíðarbókareigandi 2.500 kr. mótframlag frá bankanum.

Að auki fylgir glæsilegt flísteppi öllum 5.000 kr. gjafabréfum til nýrra jafnt sem eldri Framtíðarbókareigenda.

Þú getur gengið frá kaupum á Framtíðarbók í síma 444 7000 eða í næsta útibúi KB banka.



Fyrir jólin

Stór og lítil heimilistæki,
símtæki og ljós
í miklu úrvali



SIEMENS TK 65001

Ný alsjálfvirk kaffivél sem malar
baunir og býr til ýmsa kaffidrykki.
1400 W.

Jólaverð: 89.000 kr. stgr.

SIEMENS

Porche II-hönnunin frá Siemens. Úr hágæða burstuðu áli.

Hönnuður: F.A. Porsche.

Kaffivél, brauðrist og
hraðsuðukanna.



Kaffivél

Jólaverð: 19.900 kr. stgr.

Brauðrist

Jólaverð: 15.900 kr. stgr.

Hraðsuðukanna

Jólaverð: 14.900 kr. stgr.



SIEMENS VS 08G2422

Afmælisryksugan. Mjög öflug: 2400 W.
Virkilega þrífandi hrífandi.

Jólaverð: 26.900 kr. stgr.



Stavanger-línan

Gólf lampi - AN19632-94

Jólaverð: 6.800 kr. stgr.

Borð lampi - AN18632-94

Jólaverð: 4.900 kr. stgr.

Vegg lampi - AN10632-94

Jólaverð: 3.500 kr. stgr.

Tapp AN15642-15

Töff hangandi ljós úr svörtu gleri.

Jólaverð: 19.900 kr. stgr.



SIEMENS

SIEMENS

SE 44M551SK

Ný glæsileg uppvottavél úr ryðfríu stáli. Mjög hjóðlát. A/A/A.

Jólaverð: 89.800 kr. stgr.

iittala



iittala pottar og pönnur á 20% afslætti til jóla.

iittala pottar og pönnur eru úr 18/10 ryðfríu stáli, hafa margfaldan botn og mikla hitaleiðni. Ganga á öll helluborð.

SIEMENS

Gigaset S450

Glæsilegur þráðlaus sími.

Jólaverð: 8.900 kr. stgr.



SIEMENS

Gigaset AS140 DUO

Þráðlaust símtæki með auka-handtæki.

Jólaverð: 5.900 kr. stgr.



Sjáið jólatilboðin á www.sminor.is



SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000



Jólagjafir í EGG - FÖSTUDAG TIL SUNNUDAGS



30%
AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM BÚSÁHÖLDUM
OG GJAFAVÖRU

www.egg.is

 **EGG**
SMÁRATORGI



Þetta helst

- 11 Hvað er betra en kerti og spil...?
- 12 Heitt og kalt
- 12 Drekar
- 14 Brennsla Önnu Brár Bjarnadóttur
- 16 Áttu hrút?

Greinar og viðtöl

- 18 Kímónó, kirsuberjablóm, framsækin tíska og te
- 24 Jón Gnarr: Indjánínn sem varð sjóræningi
- 41 Stelpur sem stinga af
- 50 Fyrirgefning syndanna undir tréð í ár



Hann/hún

- 23 Skrásetning kynslóðar - Ungskáldin á safninu
- 30 Matur: Barónessur – þess virði að prófa
- 32 Tíska: Gull og glæsileiki
- 34 Tískuíkon: Kate Moss
- 38 Dúkkulegir kjólar
- 44 Stjörnuspa
- 44 Jóhanna Sveinsdóttir segir kynjasögur
- 46 Margrét Hugrún elur upp
- 45 Óléttar konur og hvalkjöt

Í hverju blaði

- 48 Krossgáta
- 51 Sjónvarp næstu viku
- 68 Sudoku



NÝTT RAFRÆNT GJAFAKORT MIÐBORGARINNAR

– einstakt gjafakort handa þínum nánustu

Gjafakort í miðborgina eru einföld og skemmtileg jólagjöf þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Hægt er að kaupa kortin í hvaða stærðareiningu sem er og einnig stöðluð. Stöðluðu kortin eru: kr. 2.500, 5.000, 10.000, 15.000 og 20.000. Sala gjafakortanna og þjónusta fer fram í Þjónustumiðstöð ferðamanna v/Ingólfstorg.

Aðrir útsöluastaðir gjafakortanna eru:

Bókabúðin við Hlekk

Eymundsson, Austurstræti 18

Íða, Lækjargötu 2

Mál og menning, Laugavegi 18

Skífan, Laugavegi 26



Allur pakkinn í einni gjöf!

Yfir 200 verslanir, veitingahús og þjónustuaðilar

Einföld og skemmtileg jólagjöf

Tilvalin jólagjöf handa þínu starfsfólki

Bestu veitingahús borgarinnar á einum stað

Íslensk list, hönnun og handverk á einum stað

Þekktustu vörumerki heimsins á einum stað

Hægt er að kaupa kortin á www.midborgkort.is
og í síma 8 28 28 28



Hvað er betra en kerti og spil...?

Í það minnsta kerti og spil þótti góð og falleg gjöf handa börnum um jól. Það tilheyrir jólum að kveikja á kertum í skammdeginu. Eins og það er gott að vera í faðmi fjölskyldunnar og spila á gömlu góðu spilin. Allir eiga sín uppáhaldsspil. Amma spilar lönguvitleysu, krakkarnir kleppara og mamma og pabbi rommí. Eða kannski allir spili kana.

DREKAR

Drekar eru goðsagnakenndar verur sem bæði heilla og hrella. Þeir skipa stóran sess í menningu Kínverja og eru söguhetjur riddarasagna miðalda. Dreki kemur jafnvel fyrir í Eddukvæðum en þar verður Sigurður einum slíkum að bana, enda nefndur Sigurður Fáfnisbani, en Fáfnir er einmitt dreki. Þetta eru magnaðar skepnur, vitrar, fallegar og ógnandi og með reglulegu millibili ná þeir miklum vinsældum. Svo virðist sem eitt slíkt tímabil sé að renna upp.

KVIKMYNDIN UM ERAGON er frumsýnd í bíóhúsum í dag, en samnefnd bók hefur slegið í geng víða um heim. Höfundur bókarrinnar er Christopher Paolini, sem var aðeins 15 ára þegar hann skrifaði hana, og var bókinni upphaflega hafnað af nokkrum forlögum. Eragon segir frá fátækum sveitadreng sem finnur dularfullan stein sem reynist vera drekaegg. Eggjó klekkt út og innan skamms tengjast drengurinn og drekin sterkum böndum.



ÖLDUNGURINN ERAGON er önnur bókin í trílógunni. Hún kom út á íslensku fyrir þessi jól frá JPV útgáfu.



MENN HAFA LÖNGUM SKREYTT sig með myndum af drekum. Eitt algengasta húðflúrið er dreki og mikið er um skartgripni með drekum. Þetta hálsmen fæst í Englabörnum og kostar 750 kr.



VOR- OG SUMARLÍNA Givenchy fyrir næsta ár. Aldrei að vita nema ævintýrið um Eragon hafi veitt hönnuðum tiskuhússins innblástur.

DREKAFRÆÐI. Heillandi bók sem fjallar um allt sem viðkemur drekum. Kort af því hvar þeir búa, sýnishorn af húð þeirra og drekaryki er meðal þess sem er að finna í bókinni. Hún kom út á íslensku hjá Bjarti bókaútgáfu.



heitt & kalt

Heitt
 Volgt
 Hvorki heitt né kalt
 Við stofuhita
 Ískalt



HAMBORGARABÚLLA TÓMASAR er með bestu borgarana í bænum og þótt víða væri leitað. Einfalt, ódýrt og gott. Búllan klikkar aldrei.



FORGOTTEN LORES, hip hop bandið, var um þessar mundir að gefa út nýjan geisladisk. Frábær diskur og við erum sannfærð um að strákarnir séu að brjóta blað í íslensku tónlistarsögu.



GYLLTU FÖTIN voru það allra heitasta í fyrra. Spurningin er hversu lengi mun gullið glóa?



JAPANSKAR HROLLVEKJUR endurgerðar í Hollywood. Undanfarin sex ár er Hollywood búið að gera endurgera yfir tuttugu japanskar hrollvejur og fleiri eru í bígerð. Þurfum við virkilega á þeim að halda?



KEVIN FEDERLINE. Britney rétti honum litla fingur og hann tók alla höndina. Glataður gæi og hræðilegur tónlistarmaður. Ef þið trúðið okkur ekki tjékið á tónlistinni hans. Það er reyndar ekki þess virði.

Dreki í vasanum

Drekar eru meiri hluti af okkar daglega lífi en við gerum okkur grein fyrir. Ein landvættanna í skjaldarmerkinu er dreki og er svo sagt frá honum í Heimskringlu: „Haraldur konungur bauð kunnungum manni að fara í hamförum til Íslands og freista hvað hann kynni segja honum. Sá fór í hvalslíki. En er hann kom til landsins fór hann vestur fyrir norðan landið. Hann sá að fjöll öll og hólar voru fullir af landvættum, sumt stórt en sumt smátt. En er hann kom fyrir Vopnafjörð þá fór hann inn á fjörðinn og ætlaði á land að ganga. Þá fór ofan eftir dalnum dreki mikill og fylgdu honum margir ormar, pöddur og eðlur og blésu eitri á hann.“ Landvættirnar eru líka aftan á öllum smápeningunum svo þú ert oftar en ekki með dreka í vasanum. Kíktu bara!



Gerðu góðverk þegar þú kaupir jólagjöfina hjá okkur

Komdu með gamla símann þinn og: Vodafone gefur 1.000 kr. til góðgerðamála fyrir hvern gamlan GSM síma. Þú færð 1.000 kr. afslátt af nýjum síma. Gamli síminn verður sendur til þróunarlanda eða endurunninn.

Látum gott af okkur leiða um jólin

Sharp GX 17
9.900 kr.
live! símtæki



Motorola PEBL

19.900 kr.

live! símtæki

Nokia 6070

13.900 kr.

live! símtæki



Komdu við í verslun okkar eða hjá umboðsmanni, hringdu í 1414 eða smelltu þér á www.vodafone.is til að fá nánari upplýsingar.

gríptu augnablikið og lifðu núna



vodafone



brennslan mín ...
Anna Brá Bjarnadóttir

Lög sem eiga við alls staðar

„Þetta er brennslan mín og mér finnst að allir ættu að redda sér þessum lögum ekki seinna en núna,“ segir Anna Brá Bjarnadóttir. Hún starfar um þessar mundir sem vaktstjóri á Prikínu og þeytir skífum á ölstofum bæjarins aðra hverja helgi. „Þessi lagalisti gengur alls staðar upp, hvort sem maður er að fara að djamma eða bara slappa af heima,“ segir Anna Brá alveg harðákveðin.

- LAG 1 Beck - Cellphone's Dead.** Nýi diskurinn með Beck er algjört brill, þeir og þær sem eru ekki búin að skella sér í Skífuna að kaupa hann eiga mikið eftir. Segið staffinu að ég hafi sent ykkur.
- LAG 2 Hot Chip - The Warning.** Hot Chip brjóta af þér lappirnar og snúa af þér hausinn. Sjúklega töff texti og góður taktur. Svólustu Bretarnir síðan Bítlarnir voru og hétu.
- LAG 3 The Go Team - Ladyflash.** Ég sleppi þessu lagi aldrei þegar ég er að spila, algjörlega eitt af uppáhaldslögum mínum. Algjör bomba þetta lag.
- LAG 4 Mount Sims - How We Do.** Mér finnst þetta vera nördalegt lag, en samt svo ótrúlega skemmtilegt og viðlagið er ekkert smá gripandi.
- LAG 5 Röyksopp - What Else Is There (trentmöller remix).** Sjúklegt, sjúklegt, sjúklegt. Þegar ég fæ þetta á fóninn þá missi ég mig algjörlega. Ég byrja að tala tungum og ég veit ekki hvað og hvað.
- LAG 6 Robyn - Konichiwa Bitches.** Stelpulag dauðans með hörðum elektró takti. Bara töffari hún sænska Robyn. Mæli með því að allar stelpur reddi sér þessu lagi hið snarasta.
- LAG 7 Beck/ Guerolito - Shake, Shake Tamborine.** (Trentmöller remix, black tamborine, adrock remix) Þarf nokkuð að segja meira um þetta lag, eða hvað? Nei, ég hélt ekki.....
- LAG 8 The Stone Roses - Ten Storey Lovesong.** Ég er búin að hlusta á þetta lag reglulega í mörg ár og finnst það alltaf jafn gott. Góður texti líka.
- LAG 9 The Postal Service - The District Sleeps Alone Tonight** Ég elska allt með Postal Service. Mér finnst þeir snílld.
- LAG 10 Frank Sinatra - Fly Me to the Moon.** Frank er svo hátíðarlegur og ég hlusta alltaf á hann í kringum jólin. Algjör klassík þetta lag.



» birta mælir með ...

... **VEISLUBAKKANUM Á ÓSUSHI Í IÐUHÚSINU** Bakki með heilum hundrað bitum gerir meira en eingöngu að seðja hungrið og gleðja í veislum og gleðskap. Verðið kemur á óvart auk þess sem allt meðlæti fylgir með. Ekki amalegt frá besta sushi-stað bæjarins.



BÓKINNI EIN TIL FRÁSAGNAR, sem er frá-sögn Immaculée sem lifði af þjóðarmorðin í Rúanda með því að fela sig á þínulitlu klósetti með 8 öðrum konum. Á meðan var fjölskylda hennar myrt á hrottalegan hátt. Ekki beint skemmtilesning en vissulega holl lesning.

... **THE HOLIDAY** sem er ein af þessum yndislegu rómantísku gamanmyndum sem lætur manni líða dásamlega vel. Cameron Diaz er hrikalega myndin, Jude Law brjálæðislega sætur, Kate Winslet stórkostleg að vanda og Jack Black, ótrúlegt en satt, er algert krútt. Tvímælaust sætasta jólamyndin í ár.



iYiYi, ipod og útvarp í einum þakka

NÝTT

Tilvoli fyrirtækið hefur nú sent frá sér nýja gerð útvarps sem kallast iYiYi og er gætt þeim eiginleika að hægt er að tengja það við IPOD. Velja má á milli nokkurra útvarpsstöðva, leika tónlist af IPOD-inum í hátalarakerfi útvarpsins og láta innbyggða vekjarklukkuna þess vekja sig með völdum lögum af spilaranum. Þá hleður útvarpið IPOD-inn og fjarstýring á stærð við greiðslukort fylgir því. iYiYi, sem er framleitt í hvítu eða svörtu, fæst meðal annars í verslunum Mirale og Hljómsýn.





ÞÚ
GEFUR
STYRK!

Saman getum við safnað **geðveikt** miklu

Allir geta tekið þátt í söfnun til styrktar samtökum sem vinna að úrbótum í geðheilbrigðismálum.

Viðskiptavinir Sparisjóðsins þurfa ekki að greiða neitt, bara velja félag til að styrkja, og Sparisjóðurinn leggur þá fram 1.000 kr. til félagsins. Farðu inn á www.spar.is eða komdu við í næsta sparisjóði og veldu félagið sem fær þinn styrk.

PICTURESTOCK



 SPARISJÓÐURINN
– fyrir þig og þína



» ÁTTU HRÚT?

Þið sem vilduð alltaf vita allt um hrúta en vissuð ekki hvern þið ættuð að spyrja, gleðjist! Hrútaspilið kom út í gær, troðfullt af fróðleik um íslenska sæðishrúta og eiginleika þeirra. Stefán Pétur Sólveigarson Mývetningur og Sverrir Ásgeirsson Reykvíkingur, útskrifuðust úr vöruhönnunardeild Listaháskólans í vor. Nú kalla þeir sig Íslensku hrútana og standa að útgáfu spilsins.

HVAÐ HAFNA HRÚTAR TIL UNNIÐ AÐ EIGA SKILIÐ HEILAN SPILASTOKK?

SS: Þeir eru bara svo fyndnir. Þeir bera skemmtileg íslensk nöfn, eru mismunandi, bæði að útliti og geðslagi, þeir eru bæði til hyrndir og kollóttir. Ég vissi ekki hvað hrútar eru mikið flokkaðir og hversu margir flokkar eru til og að það séu til tölur og einkunnir fyrir allt mögulegt, til dæmis afkvæmafjölda. Ákveðin tala segir til um hversu frjósamir þeir eru og sú tala getur verið hæst tuttugu og eitthvað og alveg niður í mínus eitthvað sem við vitum ekki alveg hvað þýðir. Þeir eru misfrjósamir.

SÁ: Bændur spá alveg gríðarlega í hrútana, lesa skrána spjaldanna á milli, spá og spekulera þegar þeir eru að velja hrúta til undaneldis. Þessi hrútur, hann hefur gott bak en er stygggur og það vil ég ekki.

ÞIÐ LÖGÐUÐ UPP MEÐ HUGMYNDINA UM HRÚTINN OG HVAÐ GERÐIST SVO? HVERNIG ENDUÐU ÞEIR SVO Á 52 HANDSPILUM?

SÁ: Í hrútaskránni núna og síðast voru 46 hrútar þannig að það vantaði ekki upp á nema 6 hrúta til að hægt væri að búa til spilastokk sem hægt er að spila hvaða spil sem er og svo auðvitað hrútaspilið, og að sjá hrútana... ég veit ekki hvað ég á að segja, þetta bara gerðist.



Stefán Pétur Sólveigarson og hrúturinn Mjólnir sem býr í Húsdýragarðinum.

HVERNIG VÖLDUÐ ÞIÐ SAMAN HRÚTA OG SPIL?

SÁ: Hrútarnir voru settir á spilin á nokkurrar reglu svo að ekki væri hægt að sjá hvaða hrútur væri bestur út frá spilagildinu sem hann er á. SS: Ásarnir eru reyndar það sem við köllum fallna hrúta, það er hrútar sem eru dauðir eða ekki notaðir lengur til sæðingar. Svo er héra einn hrútur sem heitir Fjarki sem er svartur og hefur fjögur horn og eingöngu notaður vegna þess að hann ber í sér ferhyrnda genið en er lélegur hrútur að öllu öðru leyti. En hann lendir þess vegna á lauf-fjarkanum.

HVERNIG SPILAR MAÐUR HRÚTASPILIÐ?

SÁ: Stokknum er skipt í tvennt og sá sem á að segja fyrst velur eitthvað af gæðum eða eiginleikum hrútsins til að kalla upp, kannski þyngd eða ull. Svo leggja báðir niður eitt spil og sá sem er með herra gildið vinnur bæði spilin. Og svona gengur það þangað til annar er búinn að vinna öll spilin.

HVAR MÁ FÁ HRÚTASPILIN?

SS: Þau verða allavega í Dogma á Laugavegi og Akureyri, nokkrum Pennabúðum og örugglega í Húsdýragarðinum. En allar nánari upplýsingar er hægt að fá á heimasíðunni www.hrutaspilid.is.

LANCÔME
PARIS

HR HELENA
RUBINSTEIN

BIOThERM

Dior

YVES SAINT LAURENT

CHANEL

GUERLAIN
PARIS

CLINIQUE

ESTÉE LAUDER

ORIGINS

LA MER

NIVEA
BEAUTÉ

Elizabeth Arden

MAX FACTOR
the make-up of make-up artists

L'ORÉAL
PARIS

Dr.Hauschka



Nýtt

Mundu eftir
jólagjafahandbók
Lyf & heilsu!

Þú getur nálgast jólagjafahandbókina
á www.lyfoghelsa.is



Jólagjafir fyrir alla

Þú þarft bara að fara á einn stað til að kaupa jólagjafirnar í ár.

Mikið úrval
af gjafakössum.

 **Lyf & heilsa**
Kringlunni



Kímónó, kirsuberjablóm, framsækin tíska og te

Japan er fjarlægt og framandi land. Menning Japana nær 10.000 ár aftur fyrir Kristsburð og elstu skrautmunir sem fundist hafa frá Japan eru frá því um 3.000 árum fyrir Krist. Fegurðinni hefur löngum verið gert hátt undir höfði í þessu skemmtilega landi og þaðan hafa borist margir menningarstraumar um víða veröld á síðastliðinni öld. Hér á Íslandi höfum við á undanföllum árum lært að kunna að meta sushi og neysla á grænu te hefur stóruaukist, enda um mjög hollan og góðan drykk þar að ræða. Líkt og Íslendingar eru Japanar eyjarskeggjar sem lifðu töluvert einangraðir frá öðrum menningarsamfélögum í gegnum aldirnar, en það breyttist hratt. Japanar eru ákaflega nýjungagjarnir og kunna vel að meta flest það sem Vesturlönd hafa upp á að bjóða. Þeir eru lunknir við að blanda japönskum siðum og áhrifum saman við það vestræna og útkoman er oftar en ekki litrík og skemmtileg. Hvað tískuna varðar hafa Japanar yfirleitt verið mjög frumlegir en götutískan í Tókýó er oft afar skrautleg. Þar renna saman hefðbundnir straumar við nýjar stefnur og í Japan ætti engan ferðalang að undra að sjá yngismey í kímónó og Dr. Martins skóm, sötra grænt te undir kirsuberjatré, hlusta á Miles Davis í bleikum „gettóblaster“ og narta í sushi bita.



Asia Argento for Miss Sixty

MISS elixir
SIXTY
THE FRAGRANCE POTION





Íslensk heimili á bók

Um þessi jól koma út tvær ljósmyndabækur þar sem sýnd eru annars vegar íslensk heimili og hins vegar sumar-
bústaðir í íslenskri náttúru. Þetta eru innlitsbækur, en slíkar bækur hafa aldrei verið unnar á Íslandi áður. Bækurnar eru bæði á íslensku og ensku.

Að baki útgáfunni standa Gunnar Sverrisson, Halla Bára Gestsdóttir og Elsa Ævarsdóttir innanhúsarkitekt. „Þessu verkefni var hrint af stað af ástríðunni einni saman,“ segir Gunnar Sverrisson sem tekur allar ljósmyndirnar í bókinni. Hann ferðaðist um landið síðasta sumar og tók þá mörg hundruð myndir af íslenskum sumar-
bústöðum, nágrenni þeirra og af íslenskum heimilum. „Það sem kom mér mest á óvart er hversu sumarhús Íslendinga eru fjölbreytt. Margir hafa haldið þau einsleit, en því er fjarri. Þetta er allt frá litlum kofum upp í stór hús með nútíma arkitektúr. Ég lagði líka mikla áherslu á að fanga náttúruna og umhverfið í kringum þá sem er óaðskiljanlegur hluti þeirra.“

Texti: KRISTÍN EVA ÞÓRHALLSDÓTTIR Myndir: GUNNAR SVERRISSON ÚR BÓKUNUM BÚSTAÐIR OG HEIMILISBRAGUR





3ja sæta leðursófi 107.800 kr. - 2ja sæta 90.500 kr. – Stóll 64.900 kr.



Leðurhornsófi með tungu 245x315 - 318.200 kr.

LÍNAN

H Ú S G Ö G N

SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 553 7100 • www.linan.is



Hann og kona hans, Halla Bára Gestsdóttir, hafa verið leiðandi í umfjöllun um lífsstíl og hönnun og meðal annars ritstýrt tímaritum eins og AK, Lífun og Veggfóðri. „Ég hef tekið eftir því að áhugi Íslendinga á heimilum sínum hefur verið að aukast, sem er alls ekki óeðlilegt, þegar litið er til þess að fólk eyðir mestum hluta ársins innandyra. Fólk vill hafa heimili sín og sumarhús falleg og láta sér líða vel. Auk þess sem ég tek eftir því, eftir að hafa unnið báðar þessar bækur, að birtan skiptir miklu máli á íslenskum heimilum. Lítið fer fyrir litagleði og eru hvítir og ljósir litir allsráðandi. Umhverfi og birta inn frá gluggum er oft ráðandi þáttur í útliti heimilisins.“





Pórdís Björnsdóttir er eitt af skáldunum sem gefið hafa út undir merkjum Nýhils.

Skrásetning kynslóðar – Ungskáldin á safninu

Ljósmyndasýningin „Skrásetning kynslóðar“ verður opnuð í Borgarbókasafninu í Grófarhúsi í dag klukkan fimm. Þar sýnir Björn M. Sigurjónsson portrett af ungum íslenskum rithöfundum og listamönnum. Allt eru þetta höfundar sem hafa gefið út undir merkjum Nýhils, en eiga það jafnframt sammerkt að hafa vakið athygli fyrir framsækna og nýja sýn í listsköpun sinni. Myndirnar eru teknar í vistkerfum skáldanna – á heimilum þeirra, þar sem sköpunarverkin verða til og sýndar á bókasafni þar sem þau hafa örugglega flest einhverntíma eytt löngum stundum og þar sem bækur þeirra eru nú geymdar.

Á opnun sýningarinnar verður dagatal fyrir árið 2007 með úrvali sömu ljósmynda kynnt. Þá munu skáldin lesa upp úr nýlegum verkum sínum. Forvitnilegt verður að sjá hver skálda Nýhils fá þann heiður að prýða dagatalið en meðal þeirra þekktari eru Þorsteinn Guðmundsson grínisti, Eiríkur Örn Norðdahl og Kristín Eiríksdóttir. Af meðfylgjandi mynd að dæma má telja nokkuð víst að Pórdís Björnsdóttir ljóðskáld eigi eftir að fá sinn mánuð á dagatalinu.

Þetta er önnur einkasýning Björns á þessu ári og í þriðja sinn sem hann sýnir myndir sínar opinberlega. Sýningin er opin á opnunartíma Borgarbókasafnsins fram í janúar.

Hollustuna heim!

Hollur og góður kínamatúr,
stórir skammtar - beint heim til þín.



TILBOÐ 1

Djúpstektar rækjur
Original hot and
sweet svínakjöt
Snöggsteikt raut-
kjöt í ostrusösu
Kínverskar
eggjanóður
múkjöklingi og
grænmei
Hringrjón, súrsæt
sósa, þrjár og
soya sósa

1.345 á mann
2.690 fyrir tvo

TILBOÐ 2

Djúpstektar rækjur
Peking kjúklingur
m/kínaveppum
Wok steikt lamba-
kjöt m/ svartbauna-
sósu
Original hot and
sweet svínakjöt
Hringrjón súrsæt
sósa, þrjár og
soya

1.445 á mann
2.890 fyrir tvo

TILBOÐ 3

Rifjaparty
Kortun svínaríf
Hringrjón, þrjár
og soya
poki af Maarud

1.250 á mann
2.500 fyrir tvo

2 L COKE OG RÆKJUFLÖGUR FYLOJA Í „TAKE AWAY“

BARNABOX



2 kjúklingaleggir franskar
og kokteilsósa kinderegg
700 kr



ORIENTAL RESTAURANT • LAUGAVEGI 19

FRÍ HEIMSENDING

Lágmarkspörtun er kr. 1.900,- en kr. 4.000,- í Hafnarfjörð.

Opilö: mán-fimmtudaga 12-21:30, föstu og laugardaga 12-22:30
sunnudaga 17-21:30, www.indokina.is

PÖNTUNARSÍMI 552 2399

Indjáníninn sem varð sjóræningi

» Þegar ég var lítil bjó skrýtinn rauðhærður strákur í endaraðhúsinu í Kúrlandinu sem aldrei gat munað hvað við hétum. Þess vegna sagði hann alltaf „eina krónu fyrir stelpu, einn, tveir og þrír“ þegar hann fann okkur. Og við hlógum og hlógum af því að þetta var mjög fyndinn strákur. Svo varð hann ógnvekjandi pönkari með aflitað hár í skólahljómsveitinni Nefrennsli. Seinna gaf hann út skáldsögu sem hét Miðnætursólborgin og las upp úr henni í strætó. Og svo fór hann að birtast í sjónvarpinu að kenna hegðun, atferli og framkomu. Alltaf pínulítið skrýtinn. Alltaf ofsalega fyndinn. Og aftur orðinn rauðhærður. Með skegg.

É g er að safna þessu skeggi fyrir hlutverk sem ég er að leika,“ segir Jón Gnarr afsakandi þegar við höfum komið okkur fyrir í gluggasófanum á Salti. „Ég er að leika í framhaldsþáttum og það var bein skipun frá Ragnari Bragasyni leikstjóra að ég safnaði þessu skeggi. Ég er ekki að reyna að vera rithöfundalegur.“

Og hvernig kannstu við það?

„Skeggið? Illa. Mér finnst þetta mjög óþægilegt og mjög skrýtið að sjá mig í sjónvarpinu um daginn með þetta skegg,“ segir Jón og togar í hökutoppinn. „Svo á ég að snúa upp á yfirskeggið. Geir Waage er fyrirmyndin, já og Trotskí.“

Ein setning úr lokum bókarinnar Indjáníninn, sem þú hefur talað um sem skáldaða ævisögu um bernskuárin: „Það er ófögur sjón sem mætir mér í speglinum.“ Og svo skömmu seinna: „Ég er ljótur, leiðinlegur og heimskur.“ Hvernig kannstu við manninn í speglinum eða á skjánum í dag? „Fyrir utan skeggið? Ég er ekkert svo komplexeraður lengur, held að ég sé kominn yfir það. Kann bara vel við mig. Ég hef horft á endursýningarnar á Fóstbræðrum eftir að hafa ekki séð þá síðan þættirnir voru frumsýndir og fannst það mjög skemmtilegt. Stenst alveg tímans tönn. Ég átti alltaf voða erfitt með að horfa á mig leika og hef aldrei séð Ég var einu sinni nörd. Hef ekki haft lyst á því einhvernvegin. Ég hef aldrei getað hlustað á röddina mína á teipi heldur. En er það ekki svoléiðis með flesta?“

Eitt af því sem er svo frábært við Fóstbræðraþættina er hvað þú hefur næmt auga fyrir smáatriðum í persónum og sérstaklega hvað þér latur vel að leika konur. Flestir grínistar eiga bara eina konu í handraðanum en þínar eru allar einstakar og mismunandi.

„Já, nú er ég kelling,“ segir kellingin Jón Gnarr en verður svo aftur að sér. „Ég var

að horfa á Fóstbræður um daginn þar sem ég lék mömmu Helgu Brögu sem var alltaf að prumpa og konan mín var einmitt að tala um að henni fyndist ég alveg hafa náð að vera þessi kelling. En svo er líka konan í dúettinum Plató sem er ofsalega bitur og reið og allt öðruvísi. Ég hef aldrei spáð í þetta. Ég var náttúrulega alinn upp af konum, einsog segir frá í bókinni, mömmu, systur hennar og vinkonum. Pabbi var mjög lítið heima eins og karlmenn á þessum tíma og systkini mín voru löngu flutt burt. Það var alltaf gaman þegar konurnar komu í heimsókn til mömmu í lagningu eða litun, sátu á brjóstahöldurum og reyktu, töluðu hátt og fengu sér í glas. Þetta voru mjög eftirminnilegir karakterar, til dæmis ein vinkona mömmu sem varð fyrirmyndin að kamel-kellingunni.“ Og allt í einu birtist hún ljóslifandi í sófanum: „Með skröffi rödd af reykingum og áhyggjum.“ Jón Gnarr birtist á ný. „Ég heyrði þessa konu tala, heyrði orðfærið og það festist í barnsminninu. Maður er svo móttækilegur sem barn, barnsheilar eru opnir fyrir öllu. En allir karlhöfundar lenda í erfiðleikum þegar kemur að konum. Konur eru flóknar fyrir karlmenn og þegar þeir reyna að búa þær til í bókum eða bíómyndum þá verða þær svo klisjukenndar. Ég hef líka glímt við þetta vandamál en bý að konum bernsku minnar. Konur eru margslungnari karakterar en menn.“

Hvað myndir þú kalla þig í símaskránni ef þú þyrftir að setja eitt starfsheiti?

„Ég lít á mig sem listamann og grínista. Ég þoli ekki að vera kallaður skemmtikraftur. Grín fyrir mér er listgrein en það hefur ekki verið séð þannig á Íslandi. Þegar við erum annarshugar og ónæm fyrir umhverfi okkar á einhvern hátt, búin að týna töfrunum í lífinu, þá er tilgangur

*„Ef ég væri ekki svona fyndinn
væri ég sennilega rithöfundur
og myndi skrifa þunglamalegar
og dramatískar skáldsögur.“*



listarinnar að ýta við okkur og vekja okkur aftur. Listagyðjan velur einhverja mann-
eskju til þess og síðan velur sú manneskja
það form sem hentar henni best, hvort
sem það er að skapa með höndunum,
skrifa eða tala. Ég hef unnið að myndlist,
skrifað bækur, leikið og leikstýrt og það
er ekkert eitt form sem er frekar mitt en
annað. En grín og þetta skemmtilega er
ákveðinn hæfileiki sem ég hef. Ég hef líka
gott auga fyrir tímasetningum, hvenær
passar að hika, gjóa augunum og halda
spennu, enda var talað um að ég gæti stað-
ið á sviði og drukkið vatn og fengið fólk til
að veltast um af hlátri. Þess vegna valdi ég
grínið. Ef ég væri ekki svona fyndinn væri
ég sennilega rithöfundur og myndi skrifa
þunglamalegar og dramatískar skáldsög-
ur.“

En getur grín ekki verið hættulegt?

„Grín er hættulegasta listformið. Húmor
er ákveðinn hæfileiki sem maður tileinkar
sér og æfir sig á og svo er það á ábyrgð
hvers og eins að fara vel með það. Ég hef
ekkert alltaf farið vel með grínið mitt. Ég
hef notað grín til að gera lítið úr fólki og
niðurlægja það. Í dag finnst mér það vera
misnotkun og reyni að forðast það og
ber ábyrgð á mínu gríni. Þetta er eins og
að kunna karate og vera svo niðri í bæ að
berja fólk rosalega flott og allir segja: vá
hvað hann er klár í karate. Og eftir liggur
einhver manneskja slösuð. Það er mis-
notkun á hæfileika. Gæði grínsins ráðast
mikið af hversu vænt manni þykir um
fólk. Mér þykir alveg ofsalega vænt um
fólk almennt.“

En bókin þín, Indjáninn, auðvitað er hún fyndin en ekki þannig að maður veltist um á hverri síðu og stundum er maður meira að segja með kökk í hálsinum. Er einhver ástæða fyrir því að þú vilt segja sögu indjánans núna?

„Ég hef eins og margir vita verið í sjálfskoðun síðustu ár og þetta er í rauninni beint framhald af því. Ég hef reynt með þessari bók og næstu bók sem ég er að skrifa og fjallar um unglingsárin, að benda á næmið



á milli fólks og hvað það er mikilvægt. Og svo er það í rauninni algert kraftaverk að ég sé þar sem ég er í dag því að ég hefði í rauninni átt að fara í mikla dónneyslu eða fangelsi. Mig langar einhvern veginn að launa fyrir það með því að segja frá því hvernig þetta var og hvað skiptir máli.“

Nú er misþroski og athyglisbrestur greining sem mörg börn fá sem áður voru bara kölluð óþekkt eða fjörug og hugmyndarík. Varstu með athyglisbrest?

„Það er alltaf verið að halda því fram að þetta fyrirbæri ADHD sé alltaf að aukast en ég held að það sé bara að koma betur í

ljós. Ég held að fullt af krökkum sem hafa verið greind með athyglisbrest, eins og ég hefði örugglega verið ef hugtakið hefði verið til, séu bara viðkvæm. Lífið getur verið mjög erfitt fyrir krakka sem eru viðkvæmir að maður tali nú ekki um ef þau verða fyrir einhverju hnjaski.“

Talandi um unglingsárin þá man ég eftir þér sem pönkara og var meira að segja þínulítið hrædd við þig. Ertu ennþá pönkari?

„Veistu hvað er brílljant? Þegar ég var pönkari þá kom ákveðinn svipur á fólk þegar ég gekk framhjá og ég las úr látbragðinu að fólk fannst þetta ekki þar

ZINDA FYRIR JÓLIN



ZINDA

SPR 2402
Stærðir: 36-41
Litir: svart

Verð:
22.995 kr.-



ZINDA

SPR 2426
Stærðir: 36-41
Litir: brúnt

Verð:
22.995 kr.-



ZINDA

SPR 2426
Stærðir: 36-41
Litir: svart

Verð:
22.995 kr.-



ZINDA

SPR 2528
Stærðir: 36-41
Litir: svart

Verð:
22.995 kr.-



ZINDA

SPR 2528A
Stærðir: 36-41
Litir: brúnt

Verð:
22.995 kr.-



ZINDA

SPR 2408
Stærðir: 36-41
Litir: brúnt

Verð:
22.995 kr.-



ZINDA

SPR 2529
Stærðir: 36-41
Litir: brúnt

Verð:
19.995 kr.-



ZINDA

SPR 2529
Stærðir: 36-41
Litir: svart

Verð:
19.995 kr.-



ZINDA

SPR 2408
Stærðir: 36-41
Litir: svart

Verð:
22.995 kr.-

*BIRT MED FYRIRVARA UM VERÐBREYTINGAR, MYNDBRENGL OG STAFSETNINGARVILLUR

STEINAR WAAGE

SKÓVERSLUN

SMÁRALIND (551 8519) | KRINGLAN (568 9212)

*SENDUM Í PÓSTKRÖFU



sniðugt. Þá fór ég að tengjast umburðarlyndara fólki með opnari hug og síðan hef ég verið ljóst og leynt samferða því fólki. Þess vegna fannst mér svo frábært að þegar ég fór að tala um trú þá kom sami svipurinn á þetta fólk eins og ég fékk þegar ég var pönkari. Það er ein af ástæðunum fyrir því að ég fór að gera trú að viðfangsefni því ég veit að það stuðar svo þetta forpokaða menntalið sem setur öll trúmál í samhengi við kynferðislega misnotkun kaþólskra presta. Allt var komið í

skúffur. Við erum kaldhæðin og rosalega opin nema fyrir vissum hlutum. Við lesum útlenskar verðlaunabækur og drekkum rauðvín frekar en bjór en við horfum ekki á raunveruleikaþætti og tölum ekki um trúmál. Af hverju ekki? Mér finnst svo gaman að koma með fylubombur inn í svona strúktúra vegna þess að mér finnst þröngsýni svo leiðinleg. Til dæmis finnst mér ekki rétt að eitthvað fólk úti í bæ ráði því hvað ég á að heita. Ég hef verið í stríði við mannafnanefnd

Og svo er það í rauninni algert kraftaverk að ég sé þar sem ég er í dag því að ég hefði í rauninni átt að fara í mikla dópneyslu eða fangelsi.

síðan ég var sextán ára og byrjaði að reyna að fá Gnarr nafnið samþykkt. Svo fékk ég það samþykkt fyrir ári og Gnarr er nú orðið íslenskt nafn. Ég skírði son minn Jón Gnarr.“

Ertu ennþá indjáni?

„Ég er frumbyggji. Aðalsöguhetjan í fyrstu bókinni minni Miðnætursólborginni, sem kom út þegar ég var nítján ára, var útlaga- og ævintýradrengurinn sem bjó uppi við Þingvallavatn og lifði á landsins gæðum. Bókin sem ég er að skrifa heitir Sjóræninginn og fjallar um unglingsárin. Sjóræningjar voru svona ég síns tíma, þetta voru menn sem fúnkeruðu ekki í samfélaginu því þeirra beið ekkert nema refsingar og á endanum gerðu þeir upp-reisn og stálu skipunum sem þeir sigldu síðan um á. Ímynd sjóræningjanna er að þeir séu illgjarnir og vondir en þeir voru það alls ekki. Þeir voru utangarðsfólk, það er mitt fólk, utangarðsfólk eins og Jesús sem var utangarðsmaður og hékk með utangarðsfólki meðan bæði menntaklíkan og stjórnvöld voru á móti honum og hans liði. Ætli ég sé ekki indjáninn sem varð sjóræningi. En hvernig finnst þér þetta skegg? Er ég kannski eins og Strindberg?“

Bellora



DÚN & FIÐUR

Laugavegi 87 • símar 551 8740 & 511 2004



Barónessur – þess virði að prófa

Það flæðir allt í uppskriftum og hugmyndum í matargerð og bakstri á þessum árstíma en ein smákökuuppskrift verður að komast að frá mér fyrir þessi jól. Tengdamóðir mín er sérlega góð að baka og sendi mér og fjölskyldunni smákökur til Ítalíu. Þær voru ómótstæðilegar og í hennar anda en eina tegundina hafði ég ekki smakkað áður. Ótrúlega góðar kökur með kókos sem líta út eins og ravioli-pastakoddar. Þær eru þess virði að vera eina smákökutegundin sem er bökuð fyrir jólin, eða eina nýja tegundin sem fær að fljóta með þeim gömlu og góðu.

Barónessurnar hennar Guðrúnar

Botn:
250 g hveiti
175 g smjör
80 g flórsykur
2 eggjarauður

Hnoðið allt hráefnið vel saman og kælið deigið í um 30 mínútur í kælskáp. Fletjið þá út og skerið út mynstur að eigin vali. Hægt er að nota bæði kleinujárn og smákökuform. Raðið kökunum á bökunarpappír á bökunarplötu.

Kókosmassi:
2 eggjahvítur
100 g sykur
100 g kókos
matarlitur ef vill

Hrærið hráefnið vel saman og notið nokkra dropa af matarlit út í massann ef þið viljið gera kökurnar sérlega jólalegar, til dæmis rauðar eða grænar. Setjið eina matskeið af massanum ofan á hverja köku. Bakið smákökurnar við 175 gráður í miðjum ofni í 12 mínútur.



Gledileg jólagjöf



PALLÍETTUR Sætur gullkjóll úr Isis.

Gull og glæsileiki

Nú þegar stutt er í jólin og áramótin er afar freistandi að velja sér eina gullflík eða sæta gullskó úr búðunum til að punta sig. Af nógu er að taka. Glitrandi gullflíkur eru næstum hátíðlegri en þær rauðu nú á dögum og þessi glæsilegi litur hefur sést á tískupöllum um ár eftir ár. Nýlega hafa línur frá Sophiu Kokosalaki, Yves Saint Laurent, Gucci og Betsey Johnson innihaldið að minnsta kosti eina glitrandi fallega gulllitaða flík. Það eina sem skal hafa í huga við þetta tilefni er að minna er meira og ekkert jafnljótt og að líta út eins og gangandi Óskarsverðlaunastytta.

SVART OG GULL Blanda sem er alltaf töff. Þessir eru úr Topshop.



HÁLSMEN Fínt keðjuhálsmen úr Oasis.



HÆLASKÓR Urrandi flottir úr Topshop.



HNEPPT PEYSA Með borða um mittið frá Oasis.

PERLUFESTI Glitrandi flott úr Topshop.

YVES SAINT LAURENT Hér er fyrirsætan Maria Carla Boscono í dásamlega fallegum gullkjól úr vetrarlínu hönnuðarins fræga fyrir árið 2006. MYND: GETTY IMAGES

LEGGINGS Glæsilegar úr Topshop.



GULLKJÓLL Sígildur með rós um mittið frá Oasis.



Gjöfin hennar

Jólakjöll með húfu fylgir frítt
með ef verslað er fyrir 7.000.-



Trossa sett
Stærðir: S-M-L
Áður 8.995.- Nú **1.995.-**



Hvít þrók kjóll
Eitt stærð
Áður 8.995.- Nú **2.995.-**



Krosssett
St. 32-34-36-38
Áður 11.995.- Nú **3.995.-**



Fancy kjóll
St. S-M-L-XL
Áður 11.995.- Nú **3.995.-**



Lággublaugar
St. S-M-L-XL
Áður 12.995.- Nú **6.995.-**



Flugbláugar
St. S-M-L-XL
Áður 11.995.- Nú **5.995.-**

Lust! Spíllu **LOST!**
Nýtt spil fyrir
eðskendu.

Áður 5.995.-
Nú **2.495.-**

Krem og olur
Mikil úrval sléipífta, smákrömu og muddla.

Rómantík.is

Hverfisgötu 62
S: 586-8500
Opiló 12-20

www.romantik.is

FALLEGT FYRIR JÓLIN

KYNNING





1. Gallerí 17 Kringlunni. Kjóll 6.990 kr., belti 3.990 kr. 2. GS skór Kringlunni. 4.990 kr. 3. Kiss Kringlunni. 7.990 kr. 4. Gallerí 17 Kringlunni. 4.990 kr. 5. Next Kringlunni. 2.590 kr. 6. Next Kringlunni. 6.290 kr. 7. Gallerí 17 Kringlunni. 5.990 kr. 8. Kiss Kringlunni. 6.990 kr. 9. Next Kringlunni. 6.290 kr. 10. GS skór Kringlunni. 11.900 kr.



Tískuíkon #8

KATE MOSS

Ofurgranni óþekktarangi Kate Moss var aðeins fjórtán ára þegar hún var uppgötvuð sem fyrirsæta. Hún vakti fyrst heimsathygli ári síðar þegar hún birtist á forsíðu The Face, en eftir það hefur frægðarsól hennar ekki sest.

Kate er ekki jafn há í loftinu og almennt tíðkast meðal fyrirsætna. Hún er 168 sentimetrar og aðeins 48 kíló, en þrátt fyrir þennan skort á sentimetrum var henni tekið fagnandi af tískuheiminum. Ein þekktasta auglýsingaherferð sem hún hefur tekið þátt í var ilmvatnsauglýsing fyrir Obsession frá Calvin Klein. Þar lá hún allsnakin á sófa og minnti helst á ungan dreng, enda er vöxtur hennar ekki kvenlegur í hefðbundnum skilningi þess orðs.

Fyrir rúmu ári síðan varð uppi fótur og fit í breskum fjölmiðlum, og síðar heimspressunni, þegar myndir af Kate við kókaínneyslu birtust á forsíðu breska slúðurblaðsins The Daily Mirror. Tískuhús á borð við H&M, Chanel og Burberry slitu samningum við hana í kjölfarið en eftir að Kate fór í meðferð, baðst afsökunar og lofaði bót og betrun hefur hún þénað vel. Hún hefur aldrei haft jafnmiklar tekjur og árinu sem er að líða, eða alls um fjóra milljarða íslenskra króna.

Allt frá upphafi hefur Kate Moss verið sannkölluð tískufyrirmynd. Stíll hennar er vanalega frekar rokkaður og hún hefur komið ýmsum bylgjum af stað. Til dæmis má skrifa það á hana að fólk er aftur farið að klæðast niðþröngum gallabuxum, mokkaþígvelum og gallastuttbuxum. Vinsældir Balenciaga-handtöskunnar má rekja til hennar og breið beltí sem hanga neðarlega á mjöðmunum hafa lengi verið hluti af einkennisbúningi Kate Moss.



Merry Christmas



NOA[®]
NOA
Kringlunni
sími: 553 3536

Mjúki pakkinu býður þín hjá okkur...

Dúkkulegir kjólar

Kjólar eru yndislegar flíkur sem gaman er að klæðast við hátíðleg tækifæri. Dúkkulegir kjólar með útvíðum þilsum og þröngir að ofan eru sérstaklega kvenlegir og sparilegir. Þeir henta vel þegar dansa á kringum jólatréð eða taka rómantískan snúning með sínum heitelskaða. Hér sjáum við nokkra þeirra á frægu konunum í henni Hollywood.

Sérstaklega fallegir litir á kjól Zoey Deschanel.



Sofia Coppola er alltaf smart og hér er hún í mjög flottum svörtum víðum kjól.



Kate Winslet í fallegum svörtum tjullkjóll á frumsýningu The Holiday.



Sienna Miller er eins og lítill engill í þessum hvíta dúkkulega kjól.

Löðagjöfin þennar í ár

Löðakjöll fylgir frítt með kaupum yfir 7000,-



Fylgir frítt
með kaupum
yfir 7.000,-



7.995,-



7.995,-



7.995,-



7.995,-



7.995,-



8.995,-



La Femme

Luxury Bodouir

Laugavegi 4 Sími 511 1050



Icelandic Fashion

Íslensk tískuhönnun

Þessi fallega yfirlitsbók um íslenska tískuhönnun er tilvalin jólagjöf fyrir áhugafólk um hönnun og tísku.

Bókin byggir á sýningu Þjóðmenningarhússins á verkum nokkurra fremstu tísku- og fatahönnuða landsins.

Hún fæst nú á sérstöku tilboðsverði í Þjóðmenningarhúsinu, kr. 1500,-



**Tískuhönnun í
Þjóðmenningarhúsinu**



Þjóðmenningarhúsið
Hverfisgötu 15, sími: 545 1400
www.thjodmenning.is
Sýningar – leiðsögn – veitingar – verslun
Opíð daglega frá kl. 11 til 17



Pála birta

matur & vín



Otard VSOP Cognac í hátíðarbúningi

Otard Cognac á rætur sínar að rekja aftur til ársins 849 þegar hinn mikli víkingur Óttar jarl hleypti heimdraganum frá Tromsö í Noregi. Afkomendur hans settust að í Skotlandi árið 1260 í kastalanum Dun-Ottar. James Otard barðist við hlið Lúðvíks XIV sem veitti honum barónstign.

Baron Otard stofnaði Otard Cognac árið 1795 og keypti Chateau de Cognac ekki síst fyrir hina einstöku aðstöðu til að geyma Cognac og láta það eldast við bestu hugsanlegar aðstæður. Otard VSOP er einstaklega mjúkt, í lykt og bragði má finna perur, krydd, vanillu, súkkulaði og kókos.



Otard VSOP Hátíðarútfærsla fæst í öllum Vínbúðum og kostar 4890 kr.

Jólagjöf sem veitir góðar minningar

Jólagjafabréf Iceland Express slær alltaf í gegn!

» Vantar þig jólagjöf handa einhverjum sem á allt, en þig langar samt að gleðja sérstaklega mikið?

Jólagjafabréf Iceland Express er skemmtileg gjöf sem veitir þeim sem þér er annst um loforð um góðar minningar og gefur spennandi fyrirheit á nýju ári. Kostirnir eru ótvíræðir:

Viðtakandinn getur látið drauma sína rætast og ráðið sjálfur hvert hann fer – til London, Parísar, Kaupmannahafnar, Berlínar, Billund, Stokkhólms, Alicante, Frankfurt Hahn, Gautaborgar, Óslóar, Friedrichshafen, Eindhoven eða Basel.

Bókaðu vel heppnaða jólagjöf á www.icelandexpress.is



Innifaldar í gjafabréfinu eru flugferðir báðar leiðir með sköttum til eins af 14 áfangastöðum Iceland Express. Bókunartímabil jólagjafabréfsins er frá 26. desember til 1. febrúar 2006 og eftir það gildir gjafabréfið sem inneign í tvö ár. Jólagjafabréfið gildir í flug á tímabilinu 15. janúar til 1. júlí 2006. Sætaframboð er takmarkað.

» Jólagjafabréf:

19.900 kr.

Báðar leiðir með sköttum

Iceland Express, Grímshá, Efstalandi 26, Sími 5 500 600

» www.icelandexpress.is

 Iceland Express 

Freyðandi fennelsósa og léttgrafinn lax

Þessi forréttur virkar flókinn en Hallgrímur Friðrik Sigurðarson yfirkokkur á Vox segir að enginn þurfi að vera hræddur við að prófa að elda eitthvað nýtt. Hann á heiðurinn að þessari uppskrift.

Léttgrafinn lax með freyðandi fennelsósu og sýrðri gúrku

LAX	SÓSA
500 gr lax	1 stk. fennel
Handfylli gróft salt	1 hvítlauksgeiri
Handfylli sykurlax	2 stk. skalottulaukur
1 msk. dillfræ	1 msk. fennelfræ
1 msk. fennelfræ	1 stk. lárviðarlauf
1 stk. stjörnuanis	1 grein rósamarin
Handfylli af fersku dilli	1 grein tímían
1 snaps af íslensku brennivíni	5 stk. piparkorn
	1 stk. stjörnuanis
	2 dl hvítvín
	2 dl rjómi
	1 msk. smjör
	Salt og pipar
	Sítrónusafi

MEÐLÆTI
1 stk. agúrka
2 stk. sítrónur
4 msk. hunang
1 bolli vatn
1 stk. fennel
4 msk. laxahrogn

Hreinsið bein og roð af laxinum og stráið þunnu lagi af salti og sykri yfir. Látið liggja við stofuhita í 20 mínútur og skolið svo og þerrið. Myljið saman þurrkryddið, saxið dillið og stráið báðum megin á laxinn. Látið brennivínið dropa yfir laxastykkið og látið standa í hið minnsta eina nótt í kæli. Þegar þetta er steikt og borið fram er gott að skera stykkið í fjóra jafna bita, skafa megnið af kryddinu burt og steikja á roðhliðinni. Betra er að léttsteikja fiskinn og leyfa þannig marinerungunni að njóta sín. Skerið agúrkuna í tvennt eftir endilöngu og kjarnhreinsið. Rífið gúrkuna og hreinsaðan fennelinn niður með eins grófu rifjárn og



heimilið býður upp á. Kreistið sítrónurnar yfir, bætið við vatni og hunangi og látið liggja drygklanga stund. Sigið vökvann frá, blandið laxahrognunum saman við og kryddið til með salti og pipar. Þegar sósan er lögð þarf að saxa fennel, hvítlauk og skalottulauk saman og svita í potti með kryddinu. Hellið hvítvíninu yfir og sjóðið niður um helming, bætið rjóma út í og sjóðið aðeins niður. Síðast þarf að sigta sósunu og smakka til með salti, pipar og sítrónusafa. Setjið smjörklípuna út í sjóðandi sósunu og pískið vel. Gott er að fleyta froðuna sem myndast og bera fram á diskunum, þannig er sósan léttari og stelur hvorki plássi í maga né of miklu bragði frá öðru.

FYRIRTÆKI & VERSLANIR



HEILDARLAUSNIR Í UMBÚÐUM

pappir • borðar • slaufur • gluggaskreytingar • jólaskraut • gjafapokar • jólaseriur • pakkabönd
silkiblóm • greinar • pakkaskraut • blómaskreytingar • gjafabönd • öskjur • servéttur • merkimiðar

Melabraut 19 • 220 Hafnarfirði • Sími 575 0200 • www.danco.is



... fyrir jólabaksturinn

KitchenAid

GRÆNMETIS
KVÖRN
fylgir með!

Jólatilboð!

KitchenAid Artisan 150 hrærivél (hvít)
+ grænmetiskvörn og KitchenAid matreiðslubók:

Vélin sem
endist kynslóðir!

40.455 stgr.*
í hvítu

★ Fullt verð: kr. 51.101 stgr.

**ÞÚ SPARAR
10.646**



GRÆNMETISKVÖRN,
3 rifjárn fylgja

**FYLGIR
MEÐ!**

Myndskreytt KitchenAid
MATREIÐSLUBÓK á
Íslensku, fylgir,
150 alþjóðlegar uppskriftir

Fæst einnig sér á 3.790 kr.
TILVALIN JÓLAGJÖF!

**FYLGIR
MEÐ!**

Fæst í mörgum litum og stáli

Fjöldi aukahluta fánlegir, s.s.: þeytari, kornkvörn, grænmetis-rifjárn, pastagerðartæki,
ávaxtaþessa, pylsu- og kransakökugerðarsett, berjapressa og dósaopnari.

60 síðna leiðbeiningahandbók á íslensku fylgir.

kíktu á

www.ef.is

KitchenAid
einkaumboð á Íslandi



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími 520 7900 • www.ef.is



GYLLTA GLASIÐ: Höfðu smakkarar landsins rétt fyrir sér?

Vínþjónasamtök Íslands stóðu í haust fyrir samkeppninni „Gyllta glasið“ þar sem bestu vínin í verðflokknum 1.500 - 2.000 kr. voru verðlaunið. Tíu vín fengu viðurkenningu. Dómnefndin var skipuð flestum reyndustu vinnrýnum landsins. Hér eru fjögur þessara tíu vína, vín sem eru þessleg að þau eiga erindi með jólamatnum um hátíðarnar. Gæðavin sem kosta nokkrum hundruðköllum meira en flestir eru venjulega að eyða í vín en eru sannarlega þess virði. Frábær vín á góðu verði sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara um hátíðarnar.

Höfðu smakkarar landsins rétt fyrir sér? Smakkið sjálf, og fáid það staðfest!



ROBERTSON PROSPECT HILL CABERNET SAUVIGNON

Gott rautt frá Suður-Afríku. Vínið hefur að geyma töluvert af sólberjum og bláberjum. Það er létt í bragði, en þroskað, og er mjög góður kostur fyrir lambahrygginn, þar sem piparinn í víninu fær að njóta sín. Vínið er lagrað á eik, en silkimjúkt og vel þess virði að smakka. Dæmið sjálf!

Sérstaklega fyrir þá sem eru fæddir í í fiskunum.



YALUMBA VIIGNIER

Vín frá einum elsta framleiðanda Ástralíu. Apríkósur og aftur apríkósur. Einstaklega vel hefnað vín frá Ástralíu, sem við getum notað með flestum mat, og líka bara eitt og sér. Mjög fallett á lit og með mikið og gott ávaxtabragð. Frábær nammi-ending. Sérstaklega fyrir þá sem eru fæddir í sporðrekanum.





CLAY STATION VIOGNIER

Vín frá framleiðanda ársins í Bandaríkjunum. Hér erum við með létt eikað vín, sem hefur viognier einkennin, eða apríkósur og perur. Og frábæra nammiendingu. Það er í dag eitt vinsælasta „öðruvísi vínið“ á markaðnum. Þetta vín er svo fyllt að það er hinn besti kostur með kalkún. Okkur hefur alltaf vantað vín með honum. Sérstaklega fyrir þá sem eru fæddir í steingeitinni.



GLEN CARLOU CHARDONNAY

Vín frá einni mestu vín-stjórnunni í Suður-Afríku, víngerðarmanninum David Finlayson. Vínið er með þroskaðan ávöxt og léttu eik. Það er mjög mikið og langt. Getur vel gengið með léttum kjötréttum. Þetta vín er talið eitt af þeim bestu í Suður-Afríku í dag. Framleiðandinn er lærður í Frakklandi, sem finnst þegar dreypt er á. Sérstaklega fyrir þá sem eru fæddir í bogmanninum.





Vönduð rúmteppi og púðar



Úrval af luktum



Lampar og ljósakrónur í öllum stærðum



Englar



Glerkúlur með ljósi



**NÝTT
KORTATÍMABIL
7. DESEMBER**

**NÝR VEFUR
WWW.UNIKA.IS**

Komdu og skoðaðu ótal hugmyndir að borðskreytingum, jólakrönsum og öllu sem tengist hátíðunum.

Njóttu þess að versla í afslöppuðu umhverfi, láttu okkur um að þjóna og leiðbeina þér. Gerðu jólainnkaupin ánægjulega Unika upplifun.

HÁTÍÐAR OPNUNARTÍMAR:

Laugardaga:	11 - 18
Sunnudaga:	13 - 18
14 - 22 des.	10 - 22
Þorláksmessa:	10 - 23
Aðfangadagur:	10 - 12
Jóladagur:	Lokað
Annar í jólum:	Lokað
27 - 30 des.:	10 - 18
Gamlársdagur:	10 - 12
Nýjársgdagur:	Lokað

UNIKA

Fákafeni 9 Sími: 568 6700
mán-fös. 10-18, laug. 11-18 og sun. 13-18
www.unika.is



CAMUS: Glæsileg hönnun og klassískt koníak

Koníak er án efa finasta brennda vín veraldar. Cognac dregur nafn sitt af samnefnum bæ um 100 km. norðaustur af Bordeaux í Frakklandi. Camus hefur sérstöðu hvað margt varðar þegar talað er um koníaksgerð og framleiðslu. Það er stærsta koníakshúsið sem rekið er sem fjölskyldufyrirtæki. Camus fjölskyldan hefur framleitt koníak allt frá árinu 1863. Camus hefur verið ráðandi um langt árabil á heimsmarkaði hvað varðar sölu á hágæða koníaki ásamt fágætum sértegundum í kristal- eða postulínsumbúðum.

Nýverið voru flöskur Camus koníaks endurhannaðar. Eru breytingarnar umtalsverðar þótt fyrirtækið sé annars frekar íhaldssamt eins og vera ber um framleiðanda vöru þar sem halda þarf gríðarlega fast í hefðirnar.

Hönnun gegnir æ mikilvægara hlutverki og miklu skiptir að ímynd vörunnar og framsetning myndi eina heild með innihaldinu. Áður fyrr þóttu umbúðir ekki skipta eins miklu máli og má glögg sjá það á flöskunni frá sjötta áratugnum. Ekki var lögð mikil áhersla á listrænu hliðina; flaskan er einföld og mikið af upplýsingum um framleiðandann á flöskumiðanum, alvarleg framsetning sem endurspeglar þá trú að innihaldsins skuli einkum neytt í lækningaskyni.

Flaskan sem kom á markaðinn 1973 er trú hefðinni. Helstu breytingarnar voru þær að nú var hægt að prenta beint á glerið og því ekki þörf á miða úr pappír. Afar karlmannleg flaska og ekki mjög aðgengileg. Einkum fyrir kalda karla.

Níundi áratugurinn var nautnaáratugur og það má sjá á breytingum sem urðu á flöskunni 1980. Flaskan er með frostáferð og gulllituðum miða sem gefa í skyn að drykkurinn sé til ánægju og yndisauka. Þetta útlit lifði ekki lengi því um miðjan níunda áratuginn var gerð róttæk breyting sem átti að endurspeglar breytta tíma, aukna velmegun og bjartsýni. Flaskan er hærri og straumlínulagaðari, krafmikil en elegant. Hún er gegnsæ og kannski svolítið yfirhlaðinn eins og svo margt var „eities“.



1950



1973



1980



1985



1990

Á þessum árum tók markaðsfræðin völdin og öll hönnun þaðan í frá var lögð fyrir rýnihópa og rannsókuð ofan í kjölinn. Allt fram á nýja öld voru breytingarnar smávægilegar, útlitið var einfaldað og nostrað við smáatriði.

Nú, árið 2006, hefur verið tekið stórt stökk. Neytendur hafa mikinn áhuga á uppruna vörunnar og sögu og vilja jafnframt hreina og náttúrulega vöru. Því er áherslan á að hið hreina innihald sjáist vel og náttúrulegur elegans koníaks komi fram. Jafnframt er leitað í sögunna og horfið aftur í tímann með lögum flöskunnar. Síðast en ekki síst eru umbúðirnar neytendavænar, í stað korktappa er kominn skrúfutappi sem gegnir jafnframt hlutverki sjússamælis.



2001

2006



Súkkulaðidrumbur gegn illum öndum

Fyrir hina heiðnu jólahátíð var stór trjádrumbur dreginn í hús og kveikt í honum og svo látið loga til að fæla burt illa anda og auðvitað halda hita á heimilisfólki. Drumburinn átti að loga í minnsta korti tólf tíma og allt að tólf daga og svo var öskunni dreift yfir akrana til að tryggja frjósemi og stundum jafnvel í brunna til að hreinsa vatnið. Askan átti einnig að vernda búfænað frá sjúkdómum og bæinn gegn snjóstormi. Þessi drumbur eða jólalurkur hefur tekið á sig ýmsar merkingar í nútímanum.

Á Spáni er trjádrumbur skreyttur þannig að andlit er öðrum megin, gjarna með jólasveinahúfu en breitt er yfir hinn endann. Á annan í jólum berja börnin lurkinn með priki og syngja lurkasönginn og lurkurinn launar þeim með því að gjóta nokkrum litlum pökum sem koma í ljós þegar dúkurinn er dreginn af honum.

Víða um heim hefur jólalurkurinn svo tekið á sig kökulíki og er þá gjarna sérlega þykk og bragðmikil súkkulaðirúlluterta sem er skreytt þannig að hún lítur út fyrir að vera lurkur. Ekki er vitað hvort þessi lurkur verndar gegn illum öndum en hann er að minnsta kosti prýðileg vernd gegn fylpúkum.

2/3 bolli hveiti
1/2 tsk. lyftiduft
1/2 tsk. salt
5 egg
3/4 bolli sykur
40 g ósætt súkkulaði
2 msk. vatn
2 msk. kaffilíkjör
2 msk. sykur
1/4 tsk. matarsódi
flórsykur til skrauts

KREM:

60 g suðusúkkulaði
250 g rjómaostur
3 bollar flórsykur
1/2 tsk. vanilludropar
1 msk kaffilíkjör

Hitið ofninn í 175°C. Setjið bökunarpappír á bökunarplötu. Blandið saman hveiti, lyftidufti og salti og setjið til hliðar.

Þeytið egginn í stórri skál þar til þau verða mjög ljós og létt í sér. Bætið 3/4 bolla af sykri varlega saman við og þeytið í eina til tvær mínútur þar til blandan verður mjög þykk. Blandið þá hveitiblöndunni varlega saman við.

Bræðið súkkulaðið yfir vatnsbaði. Blandið á meðan saman vatni, kaffilíkjör og tveim-

ur msk. af sykri og matarsóða. Blandið þessu varlega saman við bráðið súkkulaðið þangað til blandan er orðin jöfn. Blandið þá öllu saman varlega út í deigið.

Hellið deiginu á bökunarplötuna og bakið í 18-20 mínútur eða þar til tannstöngull kemur hreinn upp úr deiginu. Sigið flórsykur yfir hreint viskustykki og hvolfið kökunni beint þar á. Plokkið bökunarpappírinn varlega af. Sáldrið flórsykri yfir kökuna og snyrtið til. Rúllið kökunni upp í viskustykkinu og látið kólna.

KREM: Bræðið súkkulaðið yfir vatnsbaði. Kælið þar til volgt. Þeytið saman rjómaost og flórsykur og bætið svo við vanilludropum og kaffilíkjör. Blandið súkkulaðinu saman við. Rúllið kökunni sundur og setjið þriðjung af kreminu yfir. Rúllið svo kökunni upp aftur og komið henni fyrir á bakka. Setjið rausnarlega af kreminu yfir og notið gaffal til að ná fram barkaræferðinni svo kakan líti út eins og trjádrumbur. Skreytið að vild með flórsykri, berjum, könglum og því sem ykkur finnst fallest. Lurkinn á myndinni bakaði Helene Magnússon og skreytti með handgerðum ullarkúlum sem má meðal annars kaupa hjá Handþrjónasambandinu í kjallara Íðu.

Gott í jólamatinn!



Maizena Cremefine til matargerðar hentar vel í heitan mat í stað rjóma, með aðeins 15% fituinnihald, ríkt af hollri jurtafitu. Bragðið er sérlega gott með rjómakennndri fyllingu og Maizena Cremefine til matargerðar skilur ekki við suðu. Notaðu Maizena Cremefine í heita rétti, súpur og sósur í stað rjóma.

**Í staðinn
fyrir rjóma!**

Með jurtafitu

Freisting sem óhætt er að falla fyrir!

LA BELLE CREAM: Jóla líkjörinn í ár

Koníaks- og rjómalíkjörinn fransk La Belle Cream er 17% að styrkleika, framleiddur með 100% koníaki. Hann er silkimjúkur, sætur en þurr með karamellu- og kaffibraugði og djúpum koníakskeim. Fínleikinn vekur bragðlaukana. Léttur, fíngerður og ódýrari en aðrir rjómalíkjörar. Heillandi þægindi einkenna hann, hægt er

að framreiða hann á hefðbundinn hátt á klaka, hressandi í kaffið hvort sem er í heitt kaffi eða svalandi ískalt espresso-Belle Cream. Og auðvitað í konfektíð!

La Belle Cream kostar 2.170 kr og fæst í flestum vínúðum.



TRUFFLUR MEÐ RJÓMALÍKJÖR OG VANILLU

250 gr. dökkt súkkulaði, yfir 60%
1 stk. vanillustöng
1 1/2dl. rjómi
40 gr. hunang
65 gr. smjör
6 cl. koníaksrjómalíkjör, La Belle Cream
dökkt súkkulaði til að hjúpa með kakóduft

Saxið súkkulaðið. Skerið vanillustöngina í tvennt og skafið fráen úr. Hitið rjóma, hunang og vanillu að suðu og hellið yfir súkkulaðið. Látið standa um stund. Hrærið út frá miðju þar til massinn fer að glansa. Bætið við smjöri saman við í litlum skömmtum og haldið áfram að hræra varlega í, án þess að loftbólur myndist. Bætið líkjör saman við og látið stífna í skál, í ísskáp, í 24 tíma. Búið til litlar kúlur úr massanum. Dýfið kúlunum í bráðið súkkulaði og veltið upp úr kakódufti.

UPPSKRIFT FRÁ ÁSGEIRI SANDHOLT Í SANDHOLT BAKARÍ

Delicatessen
OSTABÚÐIN
SKÓLAVÖRDUSTÍG

Veistu ekki hvað á að gefa mömmu og pabba í jólagjöf?

Ostakörfurnar frá okkur eru tilvalin gjöf sem verður vel nýtt!

Taktu þátt í sælkeraleik á netinu.
www.ostabudin.is

Ostabúðin Delicatessen - Skólavörðung 8 - Sími 562 2772 - ostabudin@postabudin.is
Opð virka daga 11:00-13:00 - laugardaga 11:00-14:00

Hátíðarkaffi

stundin - bragðið - stemningin

TE & KAFFI

VERSLANIR: Kringslunni · Smáralind · Laugavegi 27 · Suðurverri · Akureyri · Egilsstöðum

SJÁLFLÍMANDI HNÍFAPARASKORÐUR

Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum. Eining sjálflímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett. Við eigum líka fægilög, fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa.

SENDUM Í PÓSTRÖFU.

Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.

Carl Weill

Jólagjöf
heimilissins í ár

GÆDASTÁL

Vönduð stálpottasett
Orkusparandi
Prefaldur botn • 12 hlutir
kr. 28.000,-

Hnífaparatóskur
72 hlutir
Gyllt eða stál
kr. 16.000,-

Eldhúshnífar
Steikarasett
24 hlutir
kr. 14.000,-

Pöntunarsími 893 2666
Opð alla daga frá kl. 10.00 til 22.00. Sendum í póstkröfu ef óskað er.
Póstbúðargjald greiðist ef viðtakanda

Ice-Atlantic ehf.
www.pottar.is

VISA Lán Mastercard

Sölaggjöfin hennar í ár

Sölatjött með hífu fylgir frítt með kaupum yfir 7000,-



4.995,-



7.995,-



3.995,-



11.995,-



Fylgir frítt
með kaupum
yfir 7.000,-



5.995,-



8.995,-



6.995,-



Vorum að taka upp pelskápur og jakka verð frá 32.900,-
einnig háa og lága fódraða leðurhanska verð frá 3.995,-

La Femme

Luxury Bodouir

Sölubás á 1. hæð Kringlunnar & verstin Laugvogi 4 & Sími 511 1050



Stelpur sem stinga af

Við tölum gjarnan um húsmæðraorlof þegar konur fara saman í ferðalag án barna og maka. Þjóta af stað með vinkonum í sumarbústað eða til útlanda. Það er alltaf gaman að skilja hversdagsleikann eftir heima til að skoða aðra menningu. Njóta lífsins og skemmta sér.

Þrátt fyrir að margar stelpur hafi stungið af í gegnum tíðina vita kannski færri að réttur til húsmæðraorlofs á sér langa sögu sem staðfest var á Alþingi árið 1972.

Lög um orlof ýmissa atvinnustétta höfðu verið við lýði um áraskeið. Kvennasamtökum þótti þetta mikið óréttlæti enda ekkert minnst á húsmæður í því samhengi. Eftir mikla baráttu kvennanna fékkst það í gegn. Fyrsta ríkisstyrkta húsmæðraorlofið var haldið sumarið 1958 í Hlíðardalsskóla í Ölfusi. Orlofið var fyrst og fremst stílað á húsmæður af barnmörgum heimilum til að fá örlitla hvíld frá barnaupveldi og heimilisrekstri. Í fyrsta orlofinu dvöldu 38 húsmæður frá Reykjavík, Keflavík, Akranesi og Kópavogi. Þessar konur áttu samtals 237 börn. Tvær þeirra voru 11 barna mæður og ein átti 13 börn. Síðan fæddist líka eitt barn í þessari orlofsdvöl. Árið 1972 voru sett lög á Alþingi sem skylduðu sveitarsjóði til að greiða árlega að lágmarki 100 krónur á hvern íbúa til að standa straum af kostnaði orlofsnefnda. Þegar lög in voru sett voru margar orlofsnefndir stofnaðar innan kvenfélaganna. Samkvæmt lög-

unum á sérhver kona sem veitir eða veitt hefur heimili forstöðu án launagreiðslu fyrir það starf rétt á að sækja um orlof.

Orlofsferðirnar eru enn skipulagaðar af orlofsnefndum kvenfélaganna. Allar konur sem hafa sinnt húsmóðurstörfum geta farið í þessar ferðir hvort sem þær eru útvinnandi eður ei. Ekki þurfa þær heldur að vera meðlimir í kvenfélagi. Ferðin er niðurgreidd að einhverju leyti en það veltur þó á stöðu orlofs-sjóðsins. Flestar ferðir eru farnar innanlands, en þó nokkuð er um ferðir erlendis. Margar eldri konur fara í slíkar ferðir, enda eru margar þeirra án lífeyrisréttinda. En einnig yngri konur sem vilja fara frá erli hversdagsins og fá frí frá vinnu og heimilishaldi. Allar upplýsingar um húsmæðraorlofin er að fá hjá kvenfélögnum.

Heimildir:

Kvennasögusafn Íslands, Auður Styrkárstöttir
Kvenfélagasamband Íslands, Hildur Helga Gísladóttir -
www.kvenfelag.is

Íslensk jól

» Jólalald á Íslandi hefur breyst mikið í gegnum tíðina. Í lok 19. aldar var ekki öllum gefnar gjafir á jölunum en í dag gefa allir gjafir. Að baða sig á jölunum er þó siður sem er ævaforð hér á landi.

Það er víst óhætt að fullyrða að jólalald á Íslandi hefur breyst mikið milli áratuga síðustu aldar og fram á þessa. En þó að mikið hafi breyst höfum við alltaf haldið fast í ýmsa siði, eins og t.d. að klæðast nýjum fötum, borða góðan mat, gefa og þiggja gjafir og þrifa heimili, menn og málleysingja hátt og lágt.

Hvað jólgjafir varðar þá hefur sá siður tíðkast ákaflega lengi að gefa þeim sem minna mega sín einhvers konar jólaglaðning. Oftast mat en einnig nýja skó og jafnvel einhverjar yfirhafnir. Það voru oftast góðgerðarsamtök, kirkjur og kvenfélög sem gerðu vel við fátæka á þennan hátt en meðal almennings þekktust jólagjafir í nútímaskilningi ekki í neinum mæli fyrr en komið var fram á 19 öld. Algengustu gjafirnar framan af voru bæði kerti og spil, en hvers vegna kerti? Jú, í gamla daga þóttu kerti allmikils virði því þau voru gerð úr sauðatólg og yfirleitt notuð í kirkjum. Kerti lýstu mun betur upp í myrkrinu en lýsislampar og því hafa þau eflaust verið kærkomin gjöf í svartasta skammdeginu.

Þegar verslun var gefin frjálts, og um leið leyfilegt að flytja inn vörur frá öllum löndum, fór að bera meira á þeim sið að

gefa fjölbreyttari jólagjafir. Fyrsta auglýsing sem auglýsir sérstakan varning til sölu, ætlaðan til jólagjafa, birtist í blaðinu Ísafold á Þorláksmessu árið 1878. Varningur þessi fékkst í Siemsens verslun og var auglýstur sem „mátulegur í jóla- og nýársgjafir.“ Börnum voru yfirleitt gefin leikföng en algengar gjafir handa fullorðnum voru m.a. stækkunargler, kíkjar, tóbaksdósir, sælgæti, saumavélar og vindlar. Það var þó ekki fyrr en eftir aldamótin 1900 að annað fólk en kaupmenn og embættismenn fóru að gefa hvert öðru gjafir og eftir það fór hópurinn ört vaxandi. Í dag er varla að finna þá fjölskyldu sem ekki skiptist á gjöfum um jólin og oft er verðgildi gjafanna hundradfalt miðað við sauðatólgskertin og spilun sem gefin voru í gamla daga.

Að þrifa hús og hýbili og mannfólkið um leið er annar siður sem við höfum

löngum haft í hávegum um jólin. Í gamla daga var einhver sem kom af stað þeirri þjóðsögu að álfar og huldufólk heimsóttu mannabústaði um jólaleytið og var þetta gert til að hvetja letingja til að taka til hendinni.

Ástæðan fyrir þessu var sú að ef álfunum líkaði ekki umgengnin var hætt við því að þeir gætu orðið til trafala næstu misserin og því vissara að þrifa allt eins vel og unnt var. Fullorðnir böðuðu sig hátt og lágt, börn voru skrúbbuð í þvottaböllum, skafið var undan nöglum, fólk fór í hrein og heil föt og svo var sofið í hreinum rúmfötum um nóttina. Á mælum Orkuveitunnar má greinilega sjá að við höfum hvergi lagt af þessum góða sið því á síðasta ári dældi Orkuveitan um 14.400 tonnum af vatni til notenda á aðfangadag.

(Heimild: Saga jólanna eftir Árna Björnsson og vefsvæði Orkuveitunnar)



igma

verslun

BOLUR KR. 2.990.-

IGMA ER FLUTT OG HEFUR
OPNAD NÝJA OG GLÆSI-
LEGA VERSLUN UNDIR
NAFNINU MINERVA.

VERIÐ VELKOMIN Í FAXAFEN 9
OPÍÐ MÁN-FÖS KL. 11-18
OG LAU KL. 11-16
SÍMI: 553 1144

M MINERVA

EUROCONFORT

Heilsuskórnir hafa slegið í gegn á Íslandi



**Hlý og
þægileg
Jólagjöf**

12 fallegir litir

Stærðir: 35-43

Verð: 4.400

Útsöluastaðir: Valniki Kringlunni, Euroskór Ferðum,
B-Young Laugarveg, Þína Akranesi, Heimahornið Stykkis-
holmi, Móssubúð Akureyn, Tíff fot Húsavík, Kóða Keflavík.

glingló

Jólafötin og allt í
mjúku pakkana!

Lego-barnafatnaður
og Grunt-unglingaföt.


Opið alla daga
frá kl. 9-22



GRUNT



**HIGH AND
MIGHTY**



Herraföt fyrir stóra og
mikla karlmenn

Íðu-húsinu Lækjargötu 2, sími 552 7682, www.glingglo.is

Hilðaramára 13 | Sí 5444247



Jóhanna Sveinsdóttir
segir kynjasögur

Innréttum heiminn með ást

Ég man þegar ég sá myndina Love Actually fyrir nokkrum árum. Í þeirri mynd voru allir að fatta að þeir voru ástfangnir af hinum og þessum í miðri jólaönsinni. Sem er ákaflega skemmtilegt bíómyndaefni. Milli kökubaksturs og föndurstunda hlupu ástfangnir Bretar um víðan völl með ástina og eljuna eina að vopni til að vinna hjarta síns elskaða. Ég efast ekki um að margir hafi í anda myndarinnar tekið spretinn úr bíosalnum upp að tröppum hjá ástinni sinni, bankað með mikilli dramatík á þá hindrun ástarinnar er hurð kallast og látið svo ástarjátningarnar streyma eins og Shakespeare sjálfur færi með mál, fullur, í eigin brúðkaupi.

Já, ég hef alltaf sagt að fólk verði hálf kúkú um jólin. En ég hef líka alltaf verið hlynnt því að fólk elti hjarta sitt og geri sitt besta til að láta drauma sína rætast. Einfaldlega því við erum oft svo kvalin bara af því að við þorum ekki, svo kveljumst við yfir því seinna að hafa einu sinni reynt. Þannig að í anda Love Actually hvet ég alla þá sem bera leynda ást í hjarta að rasa svolítið út í jólageðveikinni. Vera kúkú með stæl.

Í desembermánuði eru flestir að farast úr væmni með kökk í hálsi yfir greni og jólakúlum og jólarómansinn liggur yfir öllu. Því gæti tíminn fyrir rómantíska takta ekki verið betri en akkúrat núna. Í raun er sama hvað maður gerir því í anda jólaanna er allt „æ svo sætt“ og því myndi pínleg tilraun til ástarjátninga ávallt slá í gegn. Auk þess þá myndu viðbrögðin aldrei geta orðið á versta veg því það eru nú einu sinni jólin, og ekki vill maður vera vondur, því þá fær maður ekkert í skóinn.

Hins vegar megið þið ekki láta blekkjast af svokölluðum jólatöktum. Jólataktarnir endurspeglar nefnilega ákveðinn einmanaleika sem myndast hefur undan hinni gríðarmiklu gleðipressu sem heltekur landann á þessum tíma. Þeir sem lausalingar eru fara ekki varhluta af þessari pressu. Endalausir mannfagnaðir, selskapsfundir, mannmergð, biðraðir, fánarlega ástfangin pör í sleik fyrir framan búðarglugga, allt þetta leiðir til þess að fólk fer að sýna jólatakta. Þetta byrjar á bömmur yfir því að vera á lausu, sem leiðir svo út í hugsanir um fyrri ástartengsl, hvað hafi farið úrskeiðis, „hver er ég?“, „hvað vil ég?“ og þess háttar hugsanir sem enda oftast með ákaflega furðulegu dómgreindarleysi. Hringt er símtal eða smáskilaboð er sent undir yfirskriftinni „langaði bara að heyra í þér“ sem þýðir í raun „ég held að ég sakni þín. En er samt ekki alveg viss“. Margir raula falska ástarsöngva uppfullir af jólaglöggi og biðla til fornra ásta um annað tækifæri þar sem það eru nú einu sinni jólin. Þið skuluð fara varlega í jólatöktunum. Hvort sem þið framkvæmið þá eða verið fyrir þeim. Því eitt er víst að þrettándinn er alltaf handan hornsins og um leið og jólaljósin hverfa aftur ofan í kassa skríður margur eftir-jólabömmurinn upp á yfirborðið fólk til mismikillar lukku.

En ég treysti því að þið notið dómgreind ykkar og innsæi til að gera greinarmun á þeim sem raunverulega rómansa um jólin og þeim sem ráfa villtir um borg hinna týndu hjarta. Því maður lifandi, ef þið eruð svo heppinn að fá einlægán jólarómansara á tröppurnar til ykkar, yfirfullan af hjartalaga konfektí og með smokk í vasanum, þá verða jólin sko gleðileg sem aldrei fyrr. Því eitt er víst, að ástin er alltaf best um jólin. Ættili ég að lýsa henni í söng myndi ég gera það á þessa leið „I'd like to buy the world a coke and furnish it with love, grow apple trees and honeybees and snowwhite turtledoves...dúmm dúmm dúmm dúmm.“

Sálfræðingar segja að dreymi þig ...

... að þú sért að synda – sé það tákni um endurfæðingu. Syndir þú í átt að landi hefur þú losað þig undan erfiðleikum en glímir enn við þá syndir þú móti straumi.


... veðmál – ertu að taka áhættu í lífinu sem þú ert ekki viss um að séu af hinu góða.

... rífrildi – endurspeglar það gremju sem safnast hefur upp innra með þér.

... að þú haldir ræðu – þér gæti fundist sem umheimurinn skilji þig ekki og þér sé nauðsynlegt að skýra betur hvað þér gengur til.

... gúrkur – ehem, vindill er ekki bara vindill sagði Freud. Gúrka er tákni fyrir kynhvötina, að hún sé í blússandi sókn.

... sápu – getur verið að samviskan sé að hrjá þig.



stjörnuspá

★★★

15. – 21. desember

HRÚTUR 20. MARS – 19. APRÍL



Hrútnum finnst hann kannski hafa orðið útundan í rómantíkinni sem elt hefur marga uppi undanfarið. Nú er hins vegar komið að hrútnum, þannig að settu á þig ilmvað.

NAUT 20. APRÍL – 20. MAÍ



Nýtt fólk flykkist inn í líf nauðsins þessa vikuna og má það hafa sig allt við að kynna öllu þessu góða fólk. Þó ekki létta á öllum leyndarmálum þínum við fyrstu kynni.

TVÍBURI 21. MAÍ – 20. JÚNÍ



Þessa vikuna er það heiðarleikinn sem er sigurstranglestastur. Tvíburinn ætti að reyna eftir fremsta megni að vera samkvæmur sjálfum sér svo að hann uppskeri eins og hann sáir.

KRABBI 21. JÚNÍ – 22. JÚLÍ



Allt er á uppleið hjá krabbanum enda er nú tími til að breyta aðeins til. Nýtt starf eða nýtt heimili biða þess að njóta áhrifa þinna og munu hjálpa þér að dafna frekar.

LJÓN 23. JÚLÍ – 22. ÁGÚST



Fregnir gætu komið þér í opna skjöldu og jafnvel komið sér illa. En ekki látaþ blekkjast við fyrstu sín. Með því að spila rétt úr spilunum mun ljónið hljóta sigur.

MEYJA 23. ÁGÚST – 21. SEPT.



Mejjan ætti að einbeita sér að því að hitta fólk sem hún hefur ekki séð lengi. Njóta aðventunnar í góðum félagskap. Gamall vinur mun koma þér hressilega á óvart.

VOG 22. SEPT. – 22. OKT.



Einhleypar vogir ættu að hafa augun opin þessa dagana. Ekki er ólíklegt að draumaprinsinn eða prinsessan verði á vegi vogarinnar í miðri jólaönsinni.

SPORÐREKI 23. OKT. – 21. NÓV.



Sporðrekin hefur staðið sína plikt með sæmd síðustu vikur. Nú er sporðrekanum leyfilegt að sleppa af sér beislinu og hreinlega frika út af jólagæði.

BOGMADUR 22. NÓV. – 21. DES.



Bogamaðurinn ætti að passa vel heilsuna þá sem eftir lifir desember mánaðar þar sem hann er ákaflega flensusækinn þessa dagana. Drekktu te og notaðu húfu.

STEINGEIT 22. DES. – 19. JAN.



Yfirgangssamur yfirmaður gæti gert steingeitinni lífið leit vikuna fram undan. Steingeitin ætti þó að halda ró sinni enda er engin innistéða fyrir leiðindum þessum.

VATNSBERI 20. JAN. – 18. FEB.



Vatnsberinn er hreinlega að farast úr rómantík þessa dagana og baðar sig í sviðsljósi vinsældanna. Njóttu á meðan er og beindu rómantíkinni þangað sem hún fær ljúfar móttökur.

FISKAR 19. FEB. – 20. MARS



Fiskarnir eru að hugsa til framtíðar og endurskoða lífið sitt og markmið sín. Þetta er af hinu góða og ættu fiskarnir ekki að óttast breytingarnar sem eru jákvæðar í alla staði.

intimately
BECKHAM



THE NEW FRAGRANCE FOR MEN AND WOMEN



Margrét Hugrún Gústavsdóttir
elur upp

Fyrirheitna landið í rúminu hennar mömmu

Undanfarnar tvær vikur hefur staðið yfir undarlegt næturstríð í vesturbænum í Reykjavík. Stríðið stendur á milli lítillar tveggja ára stúlku og mömmu hennar og það er barist um yfirráðasvæði - rúmið hennar mömmu.

Áður en sú litla uppgötvaði rúmið hennar mömmu, fór hún sjálf upp í bólið sitt, slökkti ljósið á lampunum, lagðist á koddann, faðmaði Bóbó bangsa og vinkaði mömmu bless um leið og mamma kyssti hana á ennið. En þetta er breytt. Fyrirheitna landið er í næsta herbergi og þar er allt svo miklu stærra, hlýrra og betra. Fyrirheitna landið var uppgötvað þegar hún fékk flensu og var látin sofa í mömmurúmi, en eftir að henni batnaði var ekki svo auðveldlega aftur snúið. Núna vaknar hún um það bil fimm sinnum á hverri nóttu og með viljann að vopni eru gerðar margítrekaðar tilraunir til að snúa aftur til fyrirheitna landsins. Mamma reynir að vera öguð. Horfði á Super Nanny á sínum tíma og lærði þar að staðfesta er það sem öllu skiptir. Gefa sig ekki. Þegar unginn kemur hlaupandi klukkan ellefu, tólf, eitt, tvö... þrjú, fjögur og fimm þá á agaða mamman að taka krílið og fara með það aftur í rúmið sitt. Klappa koll og segja góða nótt (sem hefur stundum tekið rúman klukkutíma) og læðast svo aftur út.

Eftir sjö nætur af þessum endurtekningum fór skiptunum að fækka og gráturinn minnkaði, en þó er baráttan enn ekki unnin. Litla krúttið hefur meiri viljastyrk en Napóleon Bonaparte og Haraldur Örn pólfari til samans. 86 sentimetrar af hreinum vilja. Einbeittum brotavilja. Búin að setja sér markmið og nú skal eigi bogna. Mamman örmagna, dag eftir dag. Einbeitingarskortur og þreytuslen. Hröpar „ha?!“ án þess að nokkur yrði á hana og starir stundum á tölvuskjáinn í þrjár mínútur án þess að gera neitt. Minnir sig á að þetta er bara tímabil sem líður hjá. Hugleiðir hvort hún ætti að láta undan en hættir við þegar hún rifjar upp sögur af börnum sem sofa uppí til þrettán ára aldurs. Því lengur sem sofið er uppí hjá mömmu og pabba, því erfiðara verður að venja barnið af því. Byrgja skal svefnherbergið áður en barnið tekur yfir. Dottar í stólnum. Lætur hugann reika - en þetta er samt svo kósi. Þrettán ára... þá er maður jú ennþá barn... Ha?!



Myndlistarnámskeið fyrir börn

Myndlistaskólinn í Reykjavík býður upp á myndlistarnámskeið fyrir börn og unglinga. Kennt er í aldursskiptum hópum; þrjú til fimm ára, sex til níu ára, tíu til tólf ára og í unglingahópum þrettán til sextán ára. Hámarksfjöldi nemenda í yngsta hópnum er sex börn en eftir því sem nemendur eldast fjölga í hópnum og hámarkið miðast við þrettán nemendur í unglingahópnum.

Klukkan fær börnin til að hlýða

Oft getur reynst erfitt að fá börnin til að hætta að horfa á sjónvarpið eða hætta í tölvuleiknum. Foreldrar þurfa gjarnan að standa í stappi við barnið sem getur endað með því að þeir láta undan og leyfa barninu að vera aðeins lengur. Eða að það hreinlega gleymist að fylgjast með hversu miklum tíma barnið verður fyrir framan skjáinn, og þegar upp er staðið hefur hann orðið of langur. Ráð við þessu er að stilla vekjaraklukkan og segja barninu áður en það sest við skjáinn að það fái tiltekinn tíma og þurfi að hætta um leið og bjallan hringir. Rannsóknir hafa nefnilega sýnt að börn skilja stundum skilaboðin frá klukkunni betur en þau sem koma frá mömmu og pabba.



Jólasögur fjölskyldunnar

Á aðventunni reyna flestar fjölskyldur að eyða sem mestum tíma saman og eiga góðar stundir. Margt er hægt að gera með fjölskyldunni og flestum börnum finnst til dæmis mjög notalegt að láta lesa fyrir sig. Mikið er til af skemmtilegum jólasögum með fallegan boðskap sem jafnvel allra minnstu börnin geta skilið. Í ásingnum sem skapast oft fyrir jólin er ágætt að finna fyrir þeirri kyrrð og ró sem færast yfir alla þegar þeir hlusta á hugljúfa sögu og ágætt ef hún minnir börnin og okkur sjálf á að jólin snúast ekki bara um pakkana.

Eins er hægt að setjast niður með sínum nánustu og semja jólasögur í sameiningu. Börnin eru oft með jólaboðskapinn á hreinu og ágætt er að leyfa þeim að stjórna svoltið framvindu söguþráðarins. Sögurnar má líka myndskreyta til þess að gera þær ennþá skemmtilegri og svo má geyma þær og lesa aftur og aftur ár eftir ár. Fallegar jólasögur eru nefnilega algjörlega tímalausar.





Barnabelti sem stillir
bilbeltið í rétta hæð.
Þarf ekki stól/sessu.



Hengi aftan á framsæti.
Þægileg geymsla fyrir smádót.
Einnig fánleg með borði.

Það besta fyrir þau bestu!

Fleygdýna
fyrir nýbura
0-6 mánaða.



Baðsæti.
Enginn harður flötur.
Hægt að leggja saman
og hengja upp
eftir notkun.



Sunshine Kids
JUVENILE PRODUCTS



Motta undir
bilstólinn
sem hlífir sætinu.



Nánari upplýsingar og fleiri frábærar vörur á heimasíðu okkar www.petag.is

Fást í helstu barnavöruverslunum.

Natan

Heildverslun • Sími: 897 7197 / 862 6400 • Netfang: petag@simnet.is • Veffang: www.petag.is



Óléttar konur og hvalkjöt

Óléttar konur og konur með barn á brjósti ættu ekki að borða hvalkjöt. Þetta er vegna þess að hvalur er efstur í fæðukeðju hafshafins á norðurslóðum og í honum safnast fituleysanleg þrávirk eitufefni úr öllum fæðustigum norðursjávar.

Þessi eitufefni losna út í móðurmjólkina og fara þannig beint í ungabörn á brjósti. Ekki er vitað með vissu hvaða áhrif efnin hafa á fóstur en ekki er talið ráðlegt að taka áhættuna þegar nýtt líf er annars vegar. Yfirvöld í Færeyjum leggjast til dæmis gegn því að óléttar konur borði grindhvali.

Ódýrt gos skýtur skökku við

Íslendingar eru mun feitari en áður. Yfir helmingur fullorðinna og fimmti hluti barna hér á landi er yfir kjörþyngd. Þótt mataræði hafi breyst heilmikið á síðastliðnum árum, drekka börn og unglíngar mikið af gosi og sykrudum svaladrykkjum sem eykur tíðni offitu. Auk ofþyngdarvanda ógnar þessi neysla einnig tannheilsu íslenskra barna og unglínga.

Á Alþingi hefur verið lagt fram frumvarp um lækkun á virðisaukaskatti af matvörum auk þess sem vörugjald af matvörum verður fellt niður. Þetta á þó ekki við um sykur og súkkulaðivörur sem enn eru vörugjaldsskyld. Það sem vekur athygli er að niðurfell-

ing á vörugjaldi á einnig við um gosdrykki og sykraða svaladrykki. Lýheilsustöð hefur bent á að þetta samræmis ekki manneldissjónarmiðum og hefur sent efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis umsögn vegna þessa. Þetta mun því hafa neyslshvetjandi áhrif á börn og unglínga sem nú þegar neyta of mikils sykurs. Nú nýlega var undirritaður sáttmáli milli Evrópulanda og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, um baráttuna við aukna tíðni ofþyngdar. Þessvegna skýtur það skökku við að gos og sykraðir drykkir eigi eftir að lækka í verði á Íslandi, að því er fram kemur á vef Lýðheilsustöðvar, www.lydheilsustod.is.



Allt er best í hófi

Jólin nálgast með öllum sínum kræsingum. Reyktur og saltur matur ratar í óvenju miklu magni upp í munn og ofan í maga landans og hann getur dregið dilk á eftir sér.

Reyktur og saltur matur getur farið illa í meltinguna og valdið þjúg. Til að koma í veg fyrir þetta er allra einfaldast að borða ekki of mikið. Ekki þarf að troða sig út í hvert mál og er um að gera að prófa að fá sér góðan fiskrétt einhver kvöld í stað kjöts. Jólin eiga að snúast um afslöppun og gleði, ekki meltingartruflanir og klósettferðir.

Sérverslun með kvensilfur



Margar gerðir af búningasilfri.

Þetta er ódýrasta mynstrið. Allt sem þarf á upplutinn, settið frá 90.530, kr.

Allar upplýsingar um hefð og gerðir búninga eru veittar á staðnum.

Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.

Æfingamynddiskur undir handleiðslu
faglærðs þolfimipjálfa og ljósmóður

BESTA JÓLAGJÖFIN FYRIR
ÞUNGADAR KONUR

Bumbufimi®

Diskurinn inniheldur 35 mínútur
af þolfimaefingum og 25 mínútur
af grindarbitvæfingum, æðo-
æfingum og sökun.

Tekó er á móti þöntusum á netfanginu
mottaka@hreyfiland.is og í síma 577 2555

Frekari upplýsingar er að finna á WWW.HREYFILAND.IS

Fáanlegur í Babysam og Móðurást.

BabySam.



Sigga & Tímo

G U L L S M Í ð I
STRANDGATA 19 · SÍMI 565 4854

WWW.SIGGAOGTIMO.IS



Snorri Ásmundsson er byrjaður að skrifa aflátsbréf af krafti fyrir jólin. Aflátsbréfin eru til í þremur flokkum sem fer eftir umfangi syndanna. MYND: GVA

Fyrirgefning syndanna undir tréð í ár

Aflátsbréf Snorra Ásmundssonar eru nú á boðstólum fjórðu jólin í röð. Í ár rennur ágóðinn í nýstofnaðan hvatningarsjóð Snorra og verður honum úthlutað á nýju ári.

Þegar Snorri fyrst bauð fram bréfin í Kringlunni á sínum tíma vakti það mikið fjaðrafok og reiði. Margir óánægðir kvörtuðu og ekki leið á löngu þar til honum var úthýst úr Kringlunni. En bréfin hafa lifað af og eftirspurnin er alltaf mest fyrir jólin. Óvenjulegir listgjörningar einkenna Snorra sem vinnur mikið með fyrirgefninguna í verkum sínum. „Aflátsbréfið er að margra mati eitt sterkasta myndlistarverk sem hefur verið gert á Íslandi. Markmiðið er að dreifa ást og kærleika,“ segir Snorri. Síðasta sumar skrifaði hann aflátsbréf handa sjálfum sér og varð fyrir sterkri andlegri vakningu. „Verkin mín hafa breyst mikið í kjölfarið og farið meir úr gríni í alvöru.“ Hann notar sjálfan sig og fjölmiðla óspart til að koma boðskap á framfæri, sem einksonar „Social sculpture“. „Ég vil vekja hinn almenna borgara til umhugsunar um kærleikann og vona að bréfin komi því til skila,“ segir Snorri. Í vor ætlar Snorri að breiða út meiri kærleika með verk sitt Kærleikspíramíðinn sem settur verður upp í sjö borgum. Þar á meðal í hliðardagskrá hinnar heimsþekktu myndlistarhátíðar Feneyjartvíæringsins. Aflátsbréfin eru til í þremur flokkum sem fer eftir umfangi syndanna. Snorri tekur við pöntunum bæði í gegnum síma og á heimasíðu bréfanna, www.this.is/snorri/jol.

Líka fyrir þig; lífið, fréttirnar og fjörið á ensku

REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG

Íslendingar og útlendingar fá allar upplýsingar á ensku um allt það sem heimsborgin Reykjavík státar af á hverjum tíma.; menningarviðburðir, tónleikar, skemmtistaðir, veitingastaðir, söfn, gallerí, tíska, verslanir og næturlíf.

**Glæsilegt úrval af
jóla og gjafavöru**



BLÓM & KAFFI

**Gæðavörur frá Te og kaffi
í gjafakörfuna**

Ný blóm daglega


**Opið
sunnudag til fimmtudags
frá kl. 11-21
Föstudaga og laugardaga
frá 10-21**

Opnum notalegt kaffihús á nýju ári.
Reykjavíkurvegi 60, Hafnarfirði Sími: 565 0440 www.blomogkaffi.is

Hönnun: Web.it



CHESAPEAKE BAY CANDLE™



Lausn krossgátunnar er birt að viku liðinni á vefnum, www.gatur.net



MP & BH	66	HREKJA	SARG	JAPLA		Í RÖÐ	SKÁL	RÆKILEGAR						
	FÁT				GRÆTUR									
	HEIÐUR		5			RÁ						EINN	LÍÐANDI TÍMI	↓
	ÆXLUN					RÁNDÝR								
KORTABÓK	↪						HVÍLD							
	SEFA						UTAN							
NABBI				REYNA AÐ FINNA					KLUKKA					
				EINS					ÖÐRUVÍSI					
TÆKI				SLÉTTUR				GRAMSA	1					
				SKORDÝR				SJÚKDÓMUR						
SPIL					LÍÐA VEL			TILVIST						
					HEIMSÁLFA			EYJA Í MIÐJARÐAR-HAFI						
FYRSTUR		BOR	3				TILBÚN-INGUR				NÝLEGA			
		GAN					MERÐ							
VÖRUMERKI				ÞANGAÐ TIL			FYRIRHÖFN				RÝMI			
				FÆÐA										
SAFNA SAMAN	VEISLA						SKÖPUN							
	SJÚKDÓMUR						GYLTA							
↪		4			FLANA			TREYSTA						
FANGI						YFIRHÖFN	2			Í RÖÐ				



Leystu krossgátuna!

Þú gætir unnið DVD myndina CLICK með Adam Sandler!

Þú sendir SMS skeytið JA SVAR LAUSNARORÐIÐ á númerið 1900!
 Dæmi hvernig SMS gæti litið út ef svarið er Jón.
 Þá sendir þú SMS-ið JA SVAR JON.

Dregið úr réttum svörum n.k. þriðjudag kl. 12.

Uppskriftin
að góðum jólum

bístró

límarit um mat & vín



Heitt og gott



Stækurnar



Drykkirnir



Sjávarréttirnir



Meðlætið



Kampavínið



Eftirréttirnir



Villibráðin

Hátíðarblað Bístró
er komið út!

ÓMÓTSTÆÐILEGT
ÁSKRIFTARTILBOÐ
650 KR. Á MÁNUÐI*

Fyrsta blaðið frítt og
tappatogari fylgir með!

Meðal efnis í blaðinu:

Villibráð á hátíðarborðið

Bjarni Gunnar Kristinsson, fyrirlíði
íslenska kokkalandslíðsins, eldar gómsæta
og glæsilega rétti úr innlendi og erlendi
villibráð.

Sælkerasteikur á stórhátíð

Hamborgarhryggur, pörusteik, kalkúni,
nautasteik ... hvað á að hafa í jólamatinn?
Eða ætti kannski að breyta alveg um
stefnu og bera fram léttan og freistandi
fiskrétt?

Grænmetisjól

Margir borða ekki kjöt en vilja þó gæða
sér á veislumat um hátíðarnar.

Lítið og ljúft

Jóla- og áramótaboð eru framundan og
þá er gott að bjóða upp á alls kyns
smarétti sem þurfa ekki að vera flóknir.

Vínin með hátíðamatnum

Hvað á að drekka með öndinni? En
nautasteikinni? Þorri fór á stúfana og
valdi vín í nokkrum mismunandi
verðflokkum sem eiga við með ýmsum
tegundum af jólamat.

Kampavín – Blindsmakk hjá Bístró


Það er ekki á hverjum degi sem færi gefst
á að bera saman tíu tegundir af góðu
kampavíni.



*Míðað við 12 mánaða áskrift.

Við framlengjum áskriftartilboðið
til 19. desember 2006!

Áskrift á www.bistro.is
eða í síma: 550 5060



Ernst J. Backman

Ljóð í sjóð

Njóttu listanna og styrktu gott málefni í leiðinni


Ljóð í sjóð er glæsilegt safn málverka og ljóða ásamt geisladiski með ljóðalestri og tónlist sem landslið íslenskra listamanna hafa gefið til styrktar MND félaginu, sjúklingum og aðstandendum þeirra. Listamenn hafa tekið höndum saman en nú er okkar að styrkja málefnið áfram. Bókin fæst á aðeins 3.000 krónur í Hagkaupum, Fjarðarkaupum, STUDIOOs Rangárseli og á www.mnd.is


MND félagið styður við rannsóknir á taugasjúkdómnum MND sem og við þá sem fengið hafa sjúkdóminn og aðstandendur þeirra.



Lítið brot þess fjölda íslenskra listamanna sem koma að verkinu:

Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson	Hörður Þorsteinsson	Rúnar Júlíusson
Andri Snær Magnason	Ingibjörg Haraldsdóttir	Sálin hans Jóns míns
Daði Guðbjörnsson	Jón Arnar	Sig. K. Arnarsson
Edda Heiðrún Backman	Jón Ólafsson	Sigurður Óli
Einar Már Guðmundsson	Karólína Lárusdóttir	Sigurður Pálsson
Eiríkur Smith	Kristján Árnason	Sigurður Þórir
Elvar Guðni	Magnús Þórarinnsson	Sólveig Eggerz
Ernst J. Backman	Margrét Ólafsdóttir	Steindór Hjörleifsson
Eyjólfur Kristjánsson	M. Waren	Villi á Burstó
Gerður Kristný	Páll Óskar & Monika	Víðir Ingólfur Prastarson
Gísli Helgason	P. Klein	Thor Vilhjálmsson
Guðmundur Rúnar Lúðvíksson	Pétur	Tinna Rós Þorsteinsdóttir
Gummi Jóns	Pétur Gautur	Tolli
Gunnar Dal	Rafn Jónsson	Þorsteinn frá Hamri
Gyrðir Elíasson	Ragnar Sólberg Rafnsson	Þóra Ben
Helga Ármanns	Ragnheiður Gröndal	Þórarinn Eldjárn
Helga Unnars	Ragnheiður Steindórsdóttir	og fleiri
Hildur Vala	Regína Ósk	
Hörður Torfa	Rut Gunnarsdóttir	





X-FACTOR ER BETRUMBÆTT IDOL

Hvað er X-Factor annað en áframhald á Idol? Stór framför, segir Páll Óskar, einn af dómurum þáttarins en hann vill meina að X-Factor sé bæði sanngjarnari og á hærra stigi en fyrirrennari sinn. „Í fyrsta lagi fá keppendurnir þjálfun í því sem þau eru að gera. Þeim er ekki hent á svið og þau dæmd án þess að fá nokkra leiðsögn,“ segir Páll Óskar. „Það gerir það að verkum að það er varla hægt að bera það saman sem sést á sviði í X-Factor og Idol.“

Önnur breyting sem hefur orðið á þáttunum er sú að vægi dómara er meira. „Innhringingarnar byrja ekki fyrr en í Smáralind í X-Factor þannig að við ráðum hver fer þangað. Í Idolinu var nokkuð um það að einstaklingar komust í Smáralindina vegna áhorfendakosninga án þess að eiga það skilið,“ segir Páll Óskar. „Svo höfum við líka úrslitavald yfir því hver fer heim.“

Þarna á Páll Óskar við þá reglu að tveir neðstu keppendur í kosningu flytja lög sín aftur og svo er það í höndum dómara að velja hver fer heim og hver heldur áfram. „Þetta kallar á líflegar umræður og rífrildi í beinni því auðvitað vill maður sitt fólk áfram,“ segir Páll Óskar.

Aðspurður segir Páll Óskar ekki vera orðinn þreyttur á endalausum áheyrnarprufum hjá fólki sem sumt hvert hefði bara átt að halda sig heima. „Ég er að vinna með svo góðu fólki, bæði starfsfólkinu á Stöð 2, Þóri Freyssyni upptökustjóra, og auðvitað dómnefndinni líka,“ segir Páll og bætir við hlæjandi: „Við erum fullkomin í þetta starf. Einar Bárðar er fyndinn, Ellý er fyndin og falleg, og ég er fyndinn, fallegur og klár.“

| íslenskar sjónvarpsstöðvar | kvikmyndir | íþróttir | erlendar sjónvarpsstöðvar | þættir |

HEIMSFROMSÝND 15. DESEMBER

eragon

Vinningar eru miðar fyrir tvo, Eragon bókin, Eldest bókin, Eragon tölvuleikurinn, DVD myndir tölvuleikir og margt fleira!

**SENDU SMS
JA EGB Á
NÚMERIÐ
1900 OG ÞÚ
GÆTIR UNNID
BÍOMIDA
FYRIR TVO!**

midl.is spron

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS Klúbb. 99 kr/skeytið.



▶ **23.20 Bloody Sunday**
SJÓNVARPIÐ



▶ **22.10 Diary of a mad...**
STÖÐ 2



▶ **19.30 Toppskífan**
SKJÁR EINN



▶ **18.35 X-Games** SÝN



▶ **18.00 Upphitun**
SKJÁR SPORT

SJÓNVARPIÐ

17.00 Jóladagatalið - Stjórnustrákur Ævintýri eftir Sigrúnu Eldjárn. Leikstjóri er Kári Halldór og aðalhlutverk leika Guðfinna Rúnarsdóttir, Kristjana Pálsdóttir og Sigurþór Albert Heimisson. Dagskrárgerð: Jón Egill Bergþórsson.

17.10 Leiðarljós (Guiding Light)

17.50 Tákn málsfréttir

17.55 Snillingarnir (14:28) (Disney's Little Einsteins)

18.20 Ungar ofurhetjur (7:26) (Teen Titans I)

18.45 Jóladagatalið - Stjórnustrákur

19.00 Fréttir, íþróttir og veður

19.35 Kastljós

20.10 Kasper fer á kreik (Casper's Haunted Christmas) Kanadísk teiknimynd frá 2000 eftir Owen Hurlley. Yfirboðari allra drauga mælir svo fyrir að Kasper verði að hrella að minnsta kosti eina manneskju fyrir jól.

